HOLTSHREPPUR - FUNDAGERÐABÓK HREPPSNEFNDAR 1898-1919

Ár 1898, 13. dag Júnímánaðar, átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér að Reykjarhóli, til að semja áætlun um tekjur og gjöld Holtshrepps fyrir fardagaárið 1898–99.

Urðu eptir áætluninni:

tekjurnar alls = 1444.00 Kr.
og gjöldin alls = 1444.00 —.

Hermann Þorsteinsson (oddviti)
Einar Halldórsson, Jón Sigurðsson, Jón Gunnlögsson, Ólafur Jónsson.

---

Ár 1898, 12. d. Nóvemberm. átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér, að Reykjarhóli, til að jafna niður aukaútsvörum á hreppsbúa, þá er gjaldskyldir voru. Var alls jafnað niður í aukaútsvörum 1035.94 Kr.

Hermann Þorsteinsson, Einar Halldórsson
Jón Gunnlögsson, Jón Sigurðsson, Ólafur Jónsson.

Ár 1898, 9. d. Desember, var haldinn hreppsnefndarfundur að Reykjarhóli til að ræða um útsvars kæru hr. Guðmundar

Stefánssonar á Minnibrekku.
hreppsnefndarmaður Jón Gunnlögsson, frá Tungu mætti ekki.
Kærandi hafði borið sig saman við fjóra nefndarmennina; var hlutverk rétt um málið og lyktaði umræðunum svo, að Einar Halldórsson á Lambanesi lofaði að skrifa 1 Kr. inní reikning Guðmundar, en Guðmundur borgi allt sitt útsvar – að upphæð 9 kr. – á lögboðnum tíma.
Hermann Þorsteinsson, Einar Halldórsson
Ólafur Jónsson, Jón Gunnlögsson, Jón Sigurðsson

— " —

Ár 1899, 11. d. Febrúar, var almennur hreppsfundur haldinn að Stóra-Holti til að ræða um ýmislegt er hreppinn varðaði. Kom þá til umræðu:
1. Ómagar hreppsins og verustaður þeirra næsta fardagaár.
a. María á Skinnhóli 4 ára gömul. Biður fyrst um sinn óráðstöfuð; meðlag með henni þetta ár (1898–99) 50 krónur
b. Júlíana á Þrasastöðum 5 ára gömul. Verður kyr með sama meðlagi = 60 Kr.
c. Ingibjörg á Skeiði 5 ára gömul; verður



kyr með sama meðlagi n. l. útsvar (Björns hans) næsta haust.
d. Þorlákur á Stórholti. Verður kyr með sama meðlagi = 60 Kr. Hann er 4 ára.
e. Bjarni á Reykjarhóli, 7 ára gamall. Verður kyr með sama meðlagi = 55 Kr.
f. Sigríður á Illhugastöðum 8 ára. Verður kyr með sama meðlagi = 60 Kr.
g. Jón á Minnaholti, 9 ára; verður kyr með útsvari Gísla næsta haust.
h. Guðrún Ásgrímsdóttir á Bárustöðum á 1. ári. Verður kyr með = 60 Kr.
i. Jóhann Friðriksson á Sjávandastöðum. 9 ára. Bíður fyrst um sinn óráðstafaður.
j. Kristinn á Sléttu, 4 ára. Verður kyr með sama meðlagi = 60 Kr.
k. Margrét á Deplum; 80 ára; verður kyr með sama meðlagi = 60 krónur.
2. Minnst á, hvort Guðm. á Saurbæ myndi eigi fara til Hjálmars á Holti á næstkomandi vori og játaði Hjálmar, að Guðm. með tveimur börnum færi til sín í vor.
3. Töluðum sýsluveg þann, er liggur fram austurlínu Holtshrepps og var sýslunefndarmanninum falið á hendur að koma því

máli áleiðis á Sýslufundi. Hvað viðvíkur Reykjaleytis brautinni sérstaklega þá tóku bændurnir á Lambanessreykjum (Einar, Jón og Ólafur) að sér, að aka sandi á hana þar sem ~~það~~ þess þyrfti, gegn sanngjarnri borgun, er oddviti sér þeim fyrir. Og hvað Melbreiðarbrautina snertir, þá tók Bergur á Knappstöðum að sér sandakstur á þá braut gegn sanngjarnri þóknun, er oddviti sér um að borguð verði.

4. Talað um sundkennslu í hreppnum, og var ákveðið, að fela sýslunefndarmanni að leita eptir, að fá styrk til hennar á næsta vori.

Athugasemd við 1. lið a. Einar á Reykjum tekur Maríu á Steinhól með 50 kr. meðl.

Fleira kom eigi til umræðu.

Hermann Þorsteinsson Ólafur Jónsson

Jón Sigurðsson Jón Gunnlaugsson



Viðbætir við framanskrifaða fundargjörð:

Talað um Skuld Einars Jónssonar á Sundi, við ~~kaup~~ verzlunarstjóra E. Laxdal á Akureyri og var samþykkt, að hreppurinn borgaði skuld Einars, að upphæð 122.96 auk 10 króna í kostnað til E. Laxdals, en reyna svo aptur, að ná þessari upphæð hjá Einari. Hermann Þorsteinsson

Jón Gunnlaugsson

Jón Sigurðsson

Einar Halldórsson

Ólafur Jónsson

Ár 1899. 19. d. Okt. átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér að Reykjarhóli til, að jafna niður aukaútsvörum í hreppnum o. H. var jafnað niður ~~1~~ ~~9~~ ~~2~~ 3 krónum 51 eyri.

Komið hafði fram á fundinum krafa frá Bergi bónda Eiríkssyni á Knappstöðum um borgun fyrir hjúkrun á dreng sem Guðm. í Tungu átti hjá honum og, sem dó seinnipartinn í sumar, en þar sem krafan var ekki

stíluð til peninga, gat hreppsnefndin
eigi ákveðið um hana fyrir víst, en sam=
þykkti þó að veita Bergi 5 kr. þóknun
fyrir sjúkrunina, ef hann vildi gjöra
sig ánægðan með það.
Bergur bóndi Jónsson á Þrasastöðum
hafði farið fram á, að fá styrk með Bríetu
Bjarnadóttur, sem er áð orðin og er hjá hon=
um til heimilis; gjörði hann kröfu um
20 – 30 kr. styrk þetta ár til fardaga
næstu og samþykkti hreppsnefndin, að
veita honum 25 kr. styrk með Bríetu.
Ólafur bóndi Eiríksson á Stóruþverá hafði
farið framá, að fá 40 kr. styrk með Eiríki
föður sínum, sem hjá honum er og sam
þykkti hreppsnefndin, vegna fátæktar
Ólafs, að veita honum þenna styrk til
næstu fardaga.
Bergur bóndi Eiríksson á Knappstöðum
fjallskilastjóri í Halshreppi lagði fram
lista yfir þessa menn, er sekir höfðu orðið
um gangnarof á síðastliðnu hausti:

1. Jón bóndi Jónsson á Brúnastöðum einargöngur
2. Arngrím~~ur~~ bóndi Sveinsson á Gili — —
3. Jón Ingimundarson á Höfn — —
4. Björn Pálsson á Skeiði — —
5. Ólaf~~ur~~ Eiríksson á Stóruþverá — —
6. Ísaak Jóhannsson á Berghyl — —

og kom hreppsnefndinni saman um, að
rétt væri að hver þeirra yrði sekur um
eina krónu, er oddviti skyldi heimta
inn með útsvörunum. Í sambandi við
þetta skal þess getið, að umkvörtun kom
fram frá sumum hreppsnefndarmönnum=
um það, að heimalandagöngur hefði farið
í ólagi sumstaðar í haust og var sérstak=
lega tiltekið Illugastaða og Brúnastaða=
land og Halsdalur. Samþykkti hrepps=
nefndin að nauðsyn bæri til, að hafa betur
eptirlit með þessu eptirleiðis, einkum með
því, að á gangnamiðum skyldi hvetja menn
til pössunarsemi í þessu efni.
Arngrímur Sveinsson og Helgi Hafliðason
bændur á Gili komu á fundinn til að fer=
líkast fyrir hreppsnefndinni útaf einni
kú, sem Arngr. hafði lánað Helga í vor,
en Helgi skilaði aptur í haust;

Arngrímur vildi fá leigu eptir kúna, svo sem eðlilegt var og Helgi vildi borga honum leiguna, svo sem líka var eðlilegt, en það gat hann ekki, sem ~~líka~~ einnig var eðlilegt.
Leiguna setti Arngr. uppí 12 krónur, sem áleizt mjög „billegt" og samþykkti hr.nefnd-in að hreppurinn skyldi borga Arngrími þessar 12 kr., sem líka var „billegt". Ávísaði Arngr. hreppnum þessar 12 kr. uppí bráðabyrgðar-lán er hann fékk síðasta vetur og það var samþykkt af hreppsnefndinni að taka á móti þessum kr. uppí ofannefnda skuld.

~~Fleira ko~~ Hreppsnefndinni kom saman um að nauðsyn bæri til, að panta 60 tn. af rúg og 10 tunnur af bankabyggi til útbýtingar á milli manna í hreppnum á næstkomanda vetri og var oddvita falið að sjá um ~~það~~ framkvæmd á þessu.

Fleira kom ekki til umræðu; Fundargjörð lesin og fundi slitið.

Hermann Þorsteinsson Jón Sigurðsson. Jón Gunnlaugsson.
Einar Halldórsson. Olafur Jónsson.

Ár 1899 [illegible] 19 dag Desembr. var haldinn hreppsnefndar fundur að Reykjarhóli; til að ræða um útsvars kærur hr. Hallgr. Björnssonar Stórholti og Guðbrands Árnasonar Brúnast.
Hreppsnefndarmenn mættu allir —

Kærandi Hallgr. Björnsson bar sig saman við oddvita og var talvert rætt um málið þar eð útsvar Hallgr. gat verið hærra er það var þá virtist nefndinni engin ástæða til að lækka hjá oddvita, og verður málinu skotið til sýslufundar.

Kærandi Guðbrandur Árnason hafði borið sig saman við fjóra vinnumenn sem voru Sigtryggur Guðjónsson Þrasastöðum Jón Árnason Reykjum Olafur Magnússon Hrúthúsum, Sölfi Halldórsson Hraunum— Var rætt um málið og lyktaði svo að lækkaði um 50 aura útsvar Sigtryggs Þrasastöðum en lækkaði um 50 aur. útsvar Guðbrands Brúnastöðum —

Hermann Þorsteinsson Jón Gunnlögsson
Einar Halldórsson Olafur Jónsson Jón Sigurðsson

Ár 1900, þann 19. Febrúar, var almennur hreppsfundur haldinn á Stóra-Holti samkvæmt undangengnu fundarboði.

Kom þá til umræðu:

1\. Ómagar hreppsins, verustaðir þeirra og meðlög fyrirlagður til næsta.

a. María á Steinhól 5 ára, óráðstöfuð

b. Júlíana á Þrasastöðum, verður kyr, ef Guðm. vill taka hana fyrir 65 kr. eins og Rögnvaldur á Tungu býðst til að taka hana fyrir.

c. Ingibjörg á Skeiði, verður kyr með sömu skilmálum og síðastliðið ár. Í sambandi við þetta, var samþykkt, að gefa Birni eptir þá 1 kr. sem Björn var sektaður um í haust fyrir gangnarof.

d. Þorlákur á Stórholti; verður kyr með sama meðlagi.

e. Bjarni á Reykjarhóli 8 ára; verður kyr með sama meðlagi. = Kr. 54.00

f. Sigmíður á Illhugastöðum 4 ára; verður kyr með sama meðlagi = Kr. 60.00

g. Jónas á Minnaholti, verður kyr með sömu skilmálum og áður, en þá lofar hreppsnefndin, að hjálpa Gísla um 10 kr. ef hann þarf, til að láta kenna Jóni

h. Jóhann Friðriksson á Sjöundastöðum; óráðstafaður fyrst um sinn.

i. Kristinn Ásgrímsson á Sléttu 6 ára; verður kyr með sama meðlagi = Kr. 60

2\. Talað um Guðm. í Tungu og hans fjölskyldu sem í Tungu er og fer þaðan í burtu á næstkomandi vori; af því, að enginn af þeim, sem viðstaddir voru vildu taka þau hjónin, þá verður sú fjölskylda, að vera óráðstöfuð.

3\. Helgi á Gili tilkynnti, að hann á næsta vori ætlaði að hætta búskap og sagðist vera búinn að koma niður 3 börnunum.

1\. Bjarni 9 ára að Knappstöðum; óumtalað meðlag fyrir það að Bergur var eigi á fundinum.

2\. Kristinn 4 ára á næstk. vori, fer að Lautastöðum, með Kr. = 60.00

3\. Haflína 5 ára, að Reykjum með = 60.00

Kristín, kona Helga sér fyrir 1 barninu Eiríki 6 ára og fer sér til styrktar kvígu, sem þau hjón eiga. Helgi sjálfur hefir yngsta barnið Guðbjörgu.

Kú þá, sem Helgi fékk frá hreppnum í haust, sem leið býðst Björn á Stóru-þverá til að kaupa á næsta vori fyrir = Kr. 80 og lofar hann að borga helminginn af upphæð þessari á þessu ári og hinn helminginn á næsta ári.

4\. Var talað um búpenings og fóðurbyrgðaskoðun og var samþykkt, að sú skoðun skyldi framfara þegar hreppstjóri kemur af sýslufundi og tíð og tæki fori leyfir.

5. Talað um sundkennslu, og var ákveðið, að fela sýslunefndarmanninum, að fá fé til þess úr sýslusjóði eins og verið hefir.

6. Sýslunefndarmanni falið á hendur, að reyna að fá fé frá brúarsjóði fyrir Fljótaárbrúna og fé frá sýsluvegasjóði ~~t~~ uppí skuld, sem hann er í við hreppsvegasjóð Holtshrepps.

7. Sýslunefndarmaðurinn skoraði á bændur þá, sem við voru staddir að koma því á ~~sem fyrst~~ að hundar í hreppnum yrðu merktir, og lofuðu allir, að koma því á, sem fyrst; og sumir eru þegar búnir að því.

8. Var talað um báðum og voru menn á því máli að neita valdboðum og fólu sýslunefndarmanninum, að fylgja því á sýslufundi.

9. Sýslunefndarmaðurinn las upp bréf frá kaupmanni Popp á Sauðárkrók um sjúkrasjóðs stofnun og leitaði álits manna um, hvort þeir vildi sinna því eða ekki. Þótti öllum við stöddum árgjaldið of hátt, einkum fyrir fjölskyldu feður og einhleypa menn á milli ferminngar og fimmtugs, annars eru menn málinu hlynntir.

Fleira kom ekki til umræðu.

Hermann Þorsteinsson Ólafur Jónsson (handsa)
Jón Gunnlaugsson Jón Sigurðsson

Fundur Haldin á Reykjarhóli 18/ Ágúst

Og mættu þar allir Hreppsnefndarmenn Til að ráða um Fjallgaungur á Afrjettinni og heimalöndum og voru Kosnir gánastjórar yfir Heimalönd Einar Hrút ~~[illegible]~~ Frá Nautadalsá og ofan á Hraunahausa Jón ~~[illegible]~~ Brúnastöðum Frá Nautadalsá og framm hjá sandskarði Gísli Minnholti yfir Holsdal Jóakim Hvammi Frá langahrygg og út á Holtsheiðinni Rögnvaldur Tuggu yfir Tunguði og Gautastaðabrúnar og Hrauns og Hrúnna Björn Sljettu yfir Brekku Fjall og Guðmundur Þrasastöðum yfir Afrjettarlöndin

Fleira kom ekki til umræðu Fundi Slitið

Hermann Þorsteinsson Einar Halldórsson Ólafur Jónsson
Jón Gunnlögsson Jón Sigurðsson

Ár 1900, 5 d. Nóv. hélt hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér á Reykjarhóli til, að jafna ~~með sér~~ niður aukaútsvörum og var jafnað niður Kr. 902.64.

Hermann Þorsteinsson Jón Gunnlögsson
Jón Sigurðsson Einar Halldórsson
Ólafur Jónsson.

styrkum þurfamanna fardaga árið 1899 til 1900 sem skiftist hlutfallslega á Milli Haganes og Holtshreppa

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 til | Helga Hafliðasonar Gili | 123 | 77 |
| 2 — | Haldor Jónsson Bjarnargili | 137 | 63 |
| 3 — | Haldóra á Bakka | 40 | 00 |
| 4 — | Eiriki sal á Bjarnarsonar | 60 | 00 |
| 5 — | Briéta sal Bjarnar dóttir | 25 | 00 |
| 6 — | Valgerður Bjarnar dóttir Minni brekku | 20 | 00 |
| 7 — | Sigurður þorkelsson þorgautsstöðum | 33 | 50 |
| 8 — | Jónas á Bakka | 20 | 00 |
| 9 — | Ásgrímur Sigurðsson sama á | 76 | 50 |
| 10 — | Guðmundur Knappsstöðum | 16 | 00 |
| 11 — | Ásgrímur Nefstöðum | 7 | 23 |
| 12 — | þorkell Hunstöðum | 6 | 05 |
| 13 — | Helga læknis fyrir meðöl til ýmsra | 11 | 05 |
| | samtals kr | 570 | 73 |

Í Haganes Hreppi

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 — | Guðmundar Illugastöðum | 69 | 37 |
| 2 — | Ragnhildur ytri á | 20 | 00 |
| 3 — | Helgi á Minni Reykjum | 30 | 00 |
| 4 — | Josef stóru Reykjum | 46 | 88 |
| 5 — | Björn í Borgargerði | 27 | 33 |
| 6 — | Sigríður Helgastöðum | 10 | 00 |
| 7 — | Ingibjörg Neðrahaganesi | 134 | 30 |
| | flyt | 340 | 08 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | flutt | 340 | 08 |
| 8 til | Gottskálks á Nesi | 8 | 35 |
| 9 — | Önnu í Dælir | 10 | 75 |
| 10 — | Ingibjörgu á Minni Reykjum | 4 | 75 |
| 11 — | Björn á stóra Grindli | 90 | 55 |
| 12 — | Brandur Steinhóli | 46 | 00 |

Upphæðirnar eru því
Í Holtshrepp — kr — 570 73
Í Haganeshrepp — kr — 500 43 — 1071 16

af upphæðinni 1071,14 ber Holtshreppi að borga — kr 584,27
enn Haganeshreppi kr 486,84
Holtshreppi berað borga Haganeshreppi
1 mismun af þurfamanna styrk kr 13 54
2 af sterbúi Ólafs heitins Kvennmi 5 81
3 þinghús toll 4 00 — 23 35
þar upp í kjemur 6/11 af gjald af Borgargerði af Gangerinni — kr — 9,71 — 13 64
borgar öddvitti Holtshrepps til Haganeshrepps við töku þeir í siglufjörð eptir að útsvari Sigurðar á móti 8 4.. sem eptirgefst frá 9 71 verða eptir 8 87
Reikningur þessi er gjörður í fardögum 1900 er með honum lokið öllum Milli Reikning hreppanna til þess tíma Reykjarhóli 23/11 1900
Páll Árnason Hermann þorsteinsson

Ár 1901, 9. d. Febrúarm. var almennur
bænda fundur haldinn að Stóra-Holti;
til að ræða um verustaði ómaga
næstkomandi fardaga ár m. m.
Kom til umræðu:

1. Ómagar hreppsins.

a. Sigríður Guðmundsdóttir á Illhuga=
staðum 5 ára; verður kyr með Kr. 55:00

b. Jón Gíslason á Minnaholti; kyr með
útsvari Gísla næsta ár

c. Þorlákur Guðmundsson á Stóra-Holti
6 ára; verður kyr með Kr. 25:00

d. Haflína Helgadóttir á Molastöðum
5 ára; verður kyr með Kr. 55:00

e. Bjarni Gíslason á Reykjarhóli
9 ára; fer að Brúnast. til Jóns með Kr. 50:00

f. Bjarni Helgason á Knappstöðum
10 ára; verður kyr með Kr. 20:00

g. Ólafía Guðmundsdóttir á Hring
á fyrsta ári (óráðstöfuð)

h. Júlíana Einarsdóttir á Tungu
7 ára; ~~verður kyr~~ fer til Björns á Stóruþverá með Kr. 45:00

i. Kristinn Helgason á Gauta=
stöðum; 4 ára; verður kyr með Kr. 55:00

j. Ingibjörg Jónasdóttir á Skeiði;
7 ára gömul; verður kyr með Kr. 30:00

k. Kristinn Ásgrímsson á Stéttu;
6 ára; verður kyr með Kr. 55:00

l. María Ásgrímsdóttir á Steinhóli;
6 ára; fer til Jóns á Hólum með Kr. 40:00

m. Jóhann Friðriksson á Sjöunda=
stöðum; ~~óráðstafaður~~ kjurr 65:00

n. Guðfinna Einarsdóttir á Saurbæ.
2 ára; óráðstöfuð, að öðru leyti
en því, að Friðbjörn Jónsson á Saur=
bæ býður að hafa barnið.

2. Talað um Guðm. á Knappstöðum.
Var afráðið að hann og Rósa og kona
hans yrði kyr á Knappstöðum með
yngra barnið, sem hjá þeim er - Hólm=
fríði -; Guðm. verði í vinnumensku
en Rósa sjálfráð sín.
Jóna dóttir þeirra fer að Stóru=
brekku, til Jóns Magnússonar með Kr. 13:00

3. Var talað það um búpenings og fóður
byrgða skaðum, að oddviti skori einn
í öllum hreppnum og taki með

sér menn hingað og þangað til skað=
unar innar; oddviti fær 1 Kr. áðlag,
en hinir ekkert.

4. Talað um sundkenslu, og sýslunefndar manninum falið á hendur að reyna að útvega styrk til hennar eins og verið hefir.

5. Talað um sýsluveginn í hreppnum. Var Hjálmar bóndi á Holti beyddur leyfis til að meiga leggja brú yfir Sökku=keldu, og gaf hann kost á því, ef brúin yrði lögð um svonefnda „Stampa" en þar sem mönnum fanst þannig lagaður lagður vegur myndi verða svo dýr að aldrei myndi fást fé til þess var þessu máli frestað, en sýslunefndar manni falið, að spyrja sýslumann um, hvort Hjálmar gæti neitað, að leggja brúna þar, sem menn álíta heppilegast.

6. Talað um yfirsetukonu í hreppnum til næsta árs, þar sem sú yfirsetu=kona, sem nú er mun eigi verða við það embætti eptirleiðis. Var ákveðið að þær stúlkur, er vildi sinna því að læra yfirsetukvennafræði sækti um það til oddvita áður en hann heldur pöntunarfund í vetur og bændur kjósi svo eina á milli þeirra.

7. Talað um kynbætur hrossa og bar kynbótanefndin það fram, að ómögulegt væri að tjónka við ákvæði sýslunefndarinnar að því leyti á meðan Ólafsfirðingar hefði ekkert til að fara eptir í því tilliti.

8. Lesið upp bréf frá kaupmanni Popps, um sjúkrasjóðsmálið

9. Talað um tóur og tóudráp; var samþykkt að kaupa fyrir hreppsfé kindur og eitra þær fyrir tóur, aðra á Hraunum, en hina á Illhugastöðum.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð lesin og

fundi slitið. Hermann Þorsteinsson
Einar Halldórsson
Jón Gunnlaugsson
Jón Sigurðsson
Ólafur Jónsson

Ár 1902. 15. d. Febrúarmán var almennur hreppsfundur haldinn á Stóra=Holti, til að ráða um verustaði ómaga næstkomandi ár og meðlög með þeim o fl. o. fl.

Kom til umræðu:

1. Ómagar hreppsins

+a. Sigríður Guðmundsdóttir á Illhugastöðum 6 ára; verður kyr með 55.00

+b. Jón Gíslason á Minnaholti; verður kyr, með sömu kjörum og í fyrra.

+c. Þorlákur Guðm. á Nesi 7 ára; verður kyr með kr. = 55.00

+d. Haflína Helgadóttir á Molastöðum 6 ára; Verður kyr með kr. = 55.00, ef Helgi faðir hennar tekur hana ekki með sér, til Ólafsfjarðar.

+e. Bjarni Gíslason á Brúnastöðum 10 ára Verður kyr með kr. = 50.00, ef móðir hans vill eigi taka hann.

+f. Bjarni Helgason á Knappstöðum fellur úr.

+g. Ólafía Guðmundsdóttir í Höfn; 1 árs; verður kyr með sama með. 60.00

+h. Júlíana Einarsdóttir á Stóruþverá 7 ára. Verður kyr með sama med. = 45.00

+i. Kristinn Helgason á Gautastöðum, 5 ára; verður kyr með sama medl. 55.00

+j. Ingibjörg Jónasdóttir á Skeiði. 8 ára Verður kyr.

+k. Kristinn Ásgrímsson á Sléttu. 7 ára. Verður kyr með sama medl. = 55.00

+l. María Ásgrímsson á Steinhóli Óráðstöfuð.

+m. Jóhann Friðriksson á ~~Sjöundá~~ Krakavöllum. Óráðstafaður.

+n. Guðfinna Einarsdóttir Hlíðarhúsum. Verður kyr; meðlag óákveðið.

2. Var sagt til Valgerðar á Mímisbrekku,
og gáfu hreppsbændur kost á að hún
yrði kyr með útsvari Stefáns hús=
bónda hennar, næsta ár; annars var
hún látin óráðstöfuð.

3. Á fundinum var staddur Guðbrand=
ur Jónsson bóndi á Steinhóli. Heimtaði
hann meðgjöf með barni Ólafs Eiríks=
sonar á Nefstaðakoti 50 kr., sem hann
hafði tekið í fyrra og samið svo um
við hr.nefndina, að hún borgaði; af
Ólaf þrýsti. Varð talsvert umtal um
þetta mál og varð það, að samkomu=
lagi að Jón á Illugastöðum lánaði
Ólafi 30 kr. gegn því að Ól. borgi Jóni
það á Akureyri í sumar. En Hermann
oddviti stendur Brandi skil á 20 kr.
Jón á Illugast. undirskilur með eitt
lán til Ól. að hreppurinn borgi sér
það ef Ól. missir við.

4. Talað um Ragnhildi á Ytri-Á; hún er
komin hér á hreppinn (báða hreppana);
undirgengst oddviti, að borga Jóni
á Hafsteinsstöðum allt meðl. = Kr. 60.

5. Talað um búpenings og fóður=
byrgðaskoðun nú í vetur, og var
samþykkt að oddviti skoðaði, eins
og í fyrra og tæki með sér það einn mann
er honum sýndist; skyldi þeir hver fyrir
sig skaða með oddv. á parti og parti;
fyrir ekki neitt, en oddv. skyldi fá
1 Kr. á dag.

6. Talað um sundkenslu, og var sýslu=
nefndarmanninum falið, að leita
styrks til hennar, eins og verið hefir.

7. Talað um sýsluvegi; Af þeim 100 kr.,
sem unnið var fyrir á sýsluvegi í haust, er
leið, hafa aðeins verið útborgaðar 50 Kr.
og var samþykkt að skipta þeim á
milli vinnenda, að hausti og láta það
koma uppí útsvör manna þá. Var
sýslunefndarmanninum falið, að reyna
að fá eitthvað til sýsluvegarins ~~þá~~ [em]
að minsta kosti 50 Kr.

8. Talað um tóueyðingu og var samþykkt
að kaupa rjúpur til eitrunar; oddviti
tók að sér að útvega rjúpurnar og
koma þeim til þeirra manna, er

eiga að bera þar út, en sýslunefndar=
maðurinn tekur að sér að útvega
eitrið.

9. Þinghúsbygging: Hreppsnefndinni
falið að semja um málið við Haga=
neshrepp.

10. Sýslunefndarmaðurinn hreyfði kvenna=
skólamálinu á milli Húnvetninga og
Skagfirðinga og samþykktu menn
~~[illegible]~~ í einu hljóði að hlífa sér hjá félagi
við Húnvetninga, eptir þeim upplýs=
ingum, sem sýslunefndarmaðurinn
gat gefið.

11. Sýslunefndarm. hreyfði dragferjumál=
inu og vildu menn fremur stuðla
til þess, að brú komist á Vesturós=
inn, en að halda við dragferjunni,
sem er orðin versta plága, bæði
fyrir sýsluna í heild sinni og
þó sérstaklega fyrir þá, sem
eru í grend við ~~brúna~~ hana.
(Fundargjörð lesin og fundi
slitið.)

12. Talað um verustað Ragnhildar á
Ytri=Á framvegis. — Guðmundur
bóndi á Minni=Brekku býðst
til að taka hana með 60 kr. með=
lagi, svo framarlega, sem hún
verði svo frísk í vor, að hún
~~[illegible]~~ sé fær um að passa börn.

13. Talað um verustað handa sinni tilvon=
andi yfirsetukonu; gaf Hjálmar
bóndi Jónsson á Stóra=Holti kost
á, að hún fengi þar inni, gegn
því, að hreppsnefndin ábyrgðist
öll þau gjöld, er henni ~~beri~~ að
borga ~~[illegible]~~ honum, ef hana brysti
getu til; fylgir með þessu heim=
ilið fengi grasnyt, annað hvort
partur af jörðunni, eða heyskapur
lausan.

Fundargjörð lesin, fundi slitið.

Hermann Þorsteinsson
Einar Halldórsson
Jón Sigurðsson
Jón Gunnlaugsson, Ólafur Jónsson.

Ár 1902, þ. 24. Ágúst var hreppsnefndin
til staðar á Reykjarhóli; til að ræða
um og ráðstafa fjölskyldunni á
Bakka, ~~og~~ eða þeim tveim börnum
sem nú eru nýfædd þar, og varð
það afaráð, að þeim hjónunum
skyldi útvega stúlku 3—4 vikna
tíma og svo að reyna að koma
börnunum niður í vetur og skal
vesturhreppurinn reyna fyrir sitt
leyfi að ~~koma~~ fá þeim samastað yfir
veturinn, en úr því skyldi (reyna) ~~X~~
(að) taka fjölskylduna upp og reyna
til að fá Kristínu til að fara ~~suður~~
á Holdsveikraspítalann.

Ár 1902, þ. 28. Október, var hrepps-
nefndin stödd að Reykjarhóli, til að
jafna niður útsvörum, og var jafnað
niður 1085.09 Kr.

Fleira kom ekki til umræðu, sem
þörf þótti að bóka.

Hermann Þorsteinsson
Guðm. Davíðsson Jón Sigurðsson
Ólafur Jónsson
Jón Gunnlaugsson

Ár 1902, þ. 1. December, var fundur haldinn
á Reykjarhóli ~~til~~ að ræða um og útsvarskærur
þær, er ~~þ~~ hreppsnefndinni höfðu borist,
og kveða upp sinn dóm um þau mál.
Útsvarskærur höfðu hreppsnefndinni borist
3, ~~nl.~~ Og var tekið fyrir:
1. Frá Boga Jóhannessyni á Brekku;
Samanburðarmenn:
a. Ásgrímur Ásgrímsson á Nafstöðum
b. Jóakim Guðmundsson á Hvammi
þegar farið var, að tala sig saman
um útsvar kærandans gagnvart hinum

tveimur ~~mótstöðu~~ samanburðar=
mönnum, ~~og~~ var það, sem til Ásgríms=
katta kemur ekki að tala um neinn
samanburð. En gagnvart Jóakim
urðu nokkrar umræður og urðu
þau endalok að Útsvar Boga skyldi
lækka um 1 Kr. en hækka hjá Jóakim
um 1 Kr. Útsvar Ásgríms skal vera
við það sama.

2. Frá Guðbrandi Árnasyni á Saurbæ
Samanburðarmenn.
a. Jón Gunnlaugsson á Móafelli
b. Sveinn Steinsson á Deplum.
g. Björn á Skeiði
Varð eftir nokkrar umræður sam=
þykkt að Útsvar Guðbrandar lækki
um 2 Kr. en Útsvar Jóns Gunnlaugss.
hækki um 1 Kr. og útsvör Björns á
Skeiði og ~~útsvör~~ Sveins á Deplum,
hækki um 50 aura hvort.

3. Frá Rögnvaldi Rögnvaldss ~~[illegible]~~
á Tungu.
Samanburðarmenn.
a. Guðm. Dav. á Hraunum
b. Jón Gunnlaugsson Tungu.
Varð heitmikið rætt um málið og varð

það að samkomulagi að, útsvar Jóns á Móa=
felli hækkaði um 3 kr. (í viðbót við
það, sem það var áður hækkað) og G. Dav.
á Hraunum um 1 Kr., en útsvar Rögn=
valdar standi í stað.

Fleiri mál komu fyrir.

1. Ólafur Eiríksson á Deplum kom á
fundinn og bar upp það, að skuld sú,
er Hermann átti hjá honum félli; urðu
nokkrar umræður um málið en, að
lokum ávísaði Ólafur Hermanni þar
20 kr. sem hann fær þetta ár, úr
Styrktarsjóði Alþýðufólks, upp í ofan=
nefnda skuld og útsvar hans síðast=
liðið haust. — Ólafur beiddist þess,
að hreppsnefndin lánaði sér meðgjöf
með barninu, sem í Steinhól er, því
að hann kvað sig svo þrotinn, að
efnum, að hann myndi ekki geta stað=
ið í skilum við Guðbrand í Steinhól.
Játaði hreppsnefndin þessu, ef Ólafur
tæki barnið, eftirleiðis úr Haganess=
hreppi og kæmi því niður í Holtshreppi.

2. Gísli Gíslason á Minnaholti bar fram það, að hreppsnefndin styrkti sig, til að koma kunnáttu inn í Jón Gíslason, sem hjá honum ~~höfur~~ er; fór hann fram á það að hreppurinn borgaði sér 10 Kr. til kenslu ~~til~~ drengsins um á yfirstandandi vetri. Var því játað.

Fleira kom ekki til umræðu; fundargjörð lesin; fundi slitið.

Hermann Þórarinsson
Guðm. Davíðsson, Jón Gunnlaugsson
Ólafur Jónsson, Jón Sigurðsson

Ár 1903 dag 7 febrúarmán. var almennur hreppsfundur haldinn að Stórholti, til að ræða um sveitarómaga næstkomandi ár og meðlög með þeim o. fl. o. fl.

Kom til umræðu

1 Ómagar hreppsins

a Sigríður Guðmundsdóttir Illugastöðum 7 ára. verður kyr með sama meðlagi Kr. 55.00

b Jón Gíslason Minnaholti verður kyr ~~með~~

c Þorlákur Guðmundsson Nesi 8 ára verður kyr með Kr. 55.00

d. Bjarni Gíslason Brúnastöðum 11 ára [illegible] talað í þetta sinn 45.00

e Haflína Helgadóttir Melastöðum 7 ára verður kyr með sama meðlagi Kr. 55.00

f. Ólafía Guðmundsdóttir Höfn 12 ára verður kyr með ~~sama~~ meðlagi Kr. 60.00

h. Júlíana Einarsdóttir Stóruþverá
8 ára fer til ~~Ásgr. Hólakoti~~ Guðmundar í Háafskoti með — — Kr. ~~30.00~~ 28.00
i Kristinn Helgason (6 ára) Gautsstöðum verður
kyrr með sama meðlagi — — Kr. 55.00
j Ragnhildur Gísladóttir Bjóafelli fer til
Guðm. Bergssonar Þrasastöðum með — Kr 55.00
k Ingibjörg Jónsdóttir Skeiði 9 ára
kom ekki til umræðu —
l Kristinn Ásgrímsson Sléttu 8 ára —
verður kyrr með ~~sam~~ — — — Kr. 45.00
m María Ásgrímsdóttir Steinhóli 30 kr
verður kyrr með 30 krónur — —
fer til Guðbrands Árnasonar Saurbæ með Kr. 35.00
Vilji Guðbrandur á Steinhóli ekki taka hana
með sama meðlagi.
n Jóhann Friðriksson Krossavöllum verður
kyrr með sama meðlagi — — — Kr. 65.00
o Guðfinna Einarsdóttir Hlíðarhúsum verður
kyrr með sama meðlagi — — Kr. 26.00

2 kom til umræðu um fjárkláðalækningu og eftir nokkrar umræður voru flestir með því að einn maður færi norður að læra þegar upplýsingar fengust hjá þeim sem búnir eru að læra.

3 Kom til umræðu að útvega tilvonandi yfirsetukona Hólmfríði Friðfinnsdóttir sama stað, þar ed Hjálmar á Stóraholti neitar að lofa henni að vera þar kyrri.

Fleyra kom ekki til umræðu
fundargjörð lesin (fundi slitið).

Hermann Þorsteinsson
Ólafur Jónsson
Jón Gunnlaugsson
Jón Sigurðsson

Ár 1903, þ. 9. Des. var fundur haldinn
á Reykjarhóli, til að ræða um hvor út=
svars kærur, er hreppsnefndinni höfðu
borist að fl.
Var fyrst tekin til umræðu útsvars=
kæra frá Einari Halldórssyni á Hraun=
um. Mætti hann sjálfur á fundinum
og samanburðarmenn hans þessir.
1. Finnbogi Jónsson á Gautastöðum
2. Jón Sigurðsson á Illhugastöðum.
3. Hermann Þorsteinsson Reykjarhóli
4. Jón Gunnlaugsson Móafelli.
Var talsvert rætt um málið og lauk svo
það að samkomulagi, að
Útsvar Einars Halldórssonar lækki um kr. 3.00
Útsvar Finnb. á Gautastöðum hækki um – 0.50
Útsvar Jóns á Illhugastöðum standi í stað
Útsvar Hermanns á Reykjarhóli hækki um 1.25
Útsvar Jóns á Móafelli hækki um 1.25
Þar næst var tekin til umræðu útsvars=
kæra Jóns Hermannssonar á Reykjarhóli.
Samanburðarmenn hans voru:

1. Jón Sigurðss. á Illhugastöðum
2. Jón á Móafelli
3. Páll á Gili
4. Jón í Höfn
Kærandi fór fram á það í kærunni, að út=
svar Jóns á Illhugast. hækki um 2 krónur
Útsvar Jóns á Móafelli hækki um 2 kr.
—— Páls á Gili —— —— 2. —
—— Jóns Ingimundarsonar hækki um 1 —
en sitt eigið útsvar lækki um 4 ——
Eftir talsverðar umræður varð það
sátt að Útsvar Jóns á Reykjarhóli lækki um kr. 2.50
Útsvar Jóns á Illhugastöðum hækki um — 1.00
—— Jóns á Móafelli —— —— 0.75
—— Jóns í Höfn —— —— 0.50
—— Páls á Gili —— —— 0.25.
Bréf frá Einari verzlunarstjóra Guðm.
í Haganesvík kom á fundinn, við=
víkjandi útsvari Salthússins í Hrauna=
krók, og mun hreppsnefndin svara bréf=
inu við tækifæri, án þess þó að henni
komi til hugar að lækka útsvarið.

4. Mál, sem kom fram á fundinum
var það, að Sveinn á Deplum kom með
kröfu til hreppsnefndarinnar um
30 kr. meðgjöf með Jóhanni Gott-
skálkssyni, sem hjá honum var með-
gjafarlaust í fyrra og hann skilaði
til móður innar 16. viku sumars
s.l., en hún eða faðirinn vildu ekki
hafa og sendu til baka til Sveins.
Kröfu þessari neitar hreppsnefndin
að sinna, að svo komnu, eftir þeim
málavöxtum, sem henni eru kunnir.

5. Oddviti skýrði frá beiðni ekkjunnar
Jóhönnu Magnúsdóttur í Seyningi um
það, að hreppsnefndin, annaðhvort út-
vegaði ~~sér~~ henni fyrirvinnu, eða að öðrum
kosti taki af sér yngra barnið hennar.
Hreppsnefndin sá sér engin ráð með
að útvega ráðsmanninn og kaus
heldur að sjá um barnið. Oddvita
falið á hendur, að tilkynna hlutaðeig-
anda þetta.

6. Jón bóndi Jónsson á Bakka kom á fundinn
og leitaði álits hreppsnefndarinnar um
það hvort hann myndi eiga að segja
lausri jörðu þeirri er hann hefir nú
í byggingu frá Sveini hreppstjóra á Felli.
Út af þessu máli kom til tals, hvort ekki
skyldi ~~sundra~~ aðskilja Jón og Kristínu á
næstkomanda vori.
Gekk hreppsnefndin til atkvæða um
þetta og voru 4 hreppsnefndarmennirnir
með því að Jón og Kristín héldu áfram
að búa saman, svo framarlega sem
Kristín fengist ekki til að fara á Laugar-
nesspítalann, en 1 hreppsnefndarmaðurinn
Gutm. Davíðsson var því fylgjandi, að
~~sundra~~ aðskilja þau Jón og Kristínu,
hvort sem Kristín fengist til að fara
suður, eða ekki.

Fleira kom ekki til umræðu,
fundi slitið.

Hermann Þorsteinsson　　Jón. Sigurðsson.
Jón Gunnlögsson. – Ólafur Jónsson
Gutm. Davíðsson

Ár 1904, 13. d. Febrúar var almennur fundur haldinn að Stórholti til að ræða um verustaði hreppsómaga næsta fardagaár og meðlög með þeim o. fl. o. fl.

Komu þá til umræðu þessi mál.

1. ~~Um~~ Guðbrandur á Steinhól kom á fundinn og fór þess á leit við hreppsnefndina, að hún borgaði af hreppsfé eitthvað af meðgjöf með barni Ólafs Eiríkssonar á Stórubrekku, sem hjá honum er, en hreppsnefndin neitaði að skipta sér af því máli.

2. Ómagar hreppsins:

a. Signíður Guðmundsdóttir á Illugastöðum 8 ára, verður ~~kyr~~ með ekki meir en 45 Kr.

b. Þorlákur Guðmundsson Nesi 9 ára Verður kyr með = Kr. 35. –

c. Haflína Helgadóttir Mólastöðum Fer til foreldra sinna meðgjafarlaust.

d. Bjarni Gíslason Reykjarhóli 12 ára Verður kyr með meðlagi = Kr 40. –

e. Ólafía Guðmundsdóttir ~~Höfn~~ 3. ára; fer að Brúnastöðum ~~verður kyr~~ með = Kr. 55. –

f. Júlíana Einarsdóttir Hólakoti 9 ára; fer til Boga í Stórubrekku með = 10. –

g. Kristinn Helgason Gautastöðum 7 ára. Fer til Boga á Stórubrekku með = Kr. 45. –

h. Ragnhildur Gísladóttir ~~Móafelli~~ Þrasastöðum Verður kyr með sama meðlagi = Kr. 55. – þó með því skilyrði, að ef hún þyrfti einhverrar sérstakrar hjúkrunar við, þá borgaði hreppurinn það. t.d. að hún yrði brjáluð.

i. Kristinn Ásgrímsson Hamri 9 ára. Fer til Páls Arngrímssonar á Kili með = Kr. 28.00

j. María Ásgrímsdóttir á Steinhóli. 7 ára Verður kyr með = Kr. 30.00 sem borgist í útsvörum næsta haust

k. Jóhann Friðriksson Krakavöllum 15 ára; fer til Jóns Nefstaðakoti með = Kr. 55. – ~~verður kyr; meðlag óákveðið.~~

l. Guðfinna Einarsdóttir Siglufirði. Verður kyr; meðlag óákveðið.

m. Barn Jóhönnu í Leyningi á 1. ári. Fer í Bjarnargil með = Kr. 60. –

3. Kom fram á fundinum bréf frá Pétri Jónssyni á Gautastöðum, þar sem hann segir Aldísi dóttur sína til sveitar. Var afráðið, að láta hana fara ~~viku á bæ~~ bæ frá bæ og vera viku í stað – alltént til vorsins. En ef það

dugar ekki þá ~~að ta~~ var afráðið, að láta hana ganga um eins og hún hefir gengið en borga þá meðgjöf með henni á þeim bæjum, sem hún yrði ~~næst~~ á. Ennfremur var ákveðið, að leita upplýsingar um spítalavist erlendis, fyrir fólk, sem þannig er ástatt fyrir.

4. Talað um bitpenings og fóðurbirgða=skoðun.
Skoðunarmenn þeir, sem kosnir voru í haust skulu framkvæma ~~ska~~ gagngjörða skoðun nú í Marzmánuði, og senda skýrslu og senda hreppstjóra hana fyrir lok Marzmánaðar.

5. Þar sem ~~Stefán~~ Níels bóndi ~~Sigurðsson~~ Valgerðar á Minnibrekku er dáinn, þá er búist við, að Valgerður muni fara í burtu á næstu vori og er henni því ráðstafað þannig að hún fari til Ólafs Eiríkssonar á Stóru Brekku með 15 kr. meðlagi, ef til þess kemur, að hún fari burtu.

6. Talað um sundkenslu, og var sýslu=nefndarmanninum falið á hendur að leita styrks til ~~þess~~ hennar

7. Talað um sýsluveginn. Jón bóndi á Brúnastöðum fyrirbýður að ríða mýrarnar, í sínu landi, austan við Fljótaár=brúna, nema vel ~~væri~~ sé gjört við ~~ve~~ veginn á því svæði. Urðu nokkrar umræður um þetta mál og var Sýslunefndarmanninum falið á hendur að sækja um 300 kr. styrk úr sýslu=vega sjóði ~~til~~ til viðgjörðar á þessum parti; lofuðu hreppsmenn á móti, að leggja mestallt hreppsvegafé næsta vor til brautarinnar.

8. Tófueyðing og eitrun var ákveðin þannig, að eitra skyldi rjúpur; oddviti tókað sér að útvega rjúpurnar og sjá um eitrun á þeim og út=burð.

9. Þinghúss bygging. Var talsvert rætt um málið og við atkvæðagreiðslu var málið fellt með afli atkvæða.

10. Kirkjubyggðarsjóður. Sett upp bréf

frá Sra Sigfúsi á Mælifelli og Árna bónda Eiríkssyni á Reykjum um kúaábyrgðarsjóð og urðu talsverðar umræður um málið. Síðan var málið borið undir atkvæði og fellt með atkvæðafjölda.

11. Brunabótarfélag. Lesið bréf frá Sýslumanni um innlent brunabótarfélag, og var málinu ~~var~~ synjað vegna vantandi upplýsinga.

12. Talað um Guðm. og Rósu á Sundi og verustað þeirra eftirleiðis, en ekkert var hægt að ákveða um það nú.

Fleira kom ekki til umtals Fundargjörð og fundi slitið

Hermann Jónsson
Guðm. Davíðsson
Jón Sigurðsson
Jón Gunnlaugsson

Ár 1909, þann 13. d. Febrúarm. var almennur fundur haldinn á Stórahólti, til að ráða um verustaði ómaga næstkomandi ár, meðlög þeirra o. fl. o. fl.
Komu þá til umræðu þessi mál:

1. Ómagar hreppsins:

a. Þorlákur Guðmundsson Nesi, 10 ára. Verður kyr með sama meðlagi — — — — — Kr. = 35.00
b. Bjarni Gíslason á Reykjarhóli, 13 ára. ~~Verður kyr~~ ~~Fer til Páls Arngrímssonar á Minnaholti, með Kr.~~ Verður ~~kyr~~ með meðlagi = Kr. 10.00
c. Ólafía Guðmundsdóttir á Höfn 4 ára. Verður kyr með sama meðlagi = Kr. 45.00
d. Júlíana Einarsdóttir Háakoti 10 ára; verður kyr með sama meðlagi = Kr. 10.00
e. Kristinn Helgason Gautastöðum, 7 ára; ~~Verður kyr~~ Verður kyr með Kr. = 40.00
f. Ragnhildur Gísladóttir Þrasastöðum; Verður kyr með sömu skilyrðum og í fyrra og með sama meðlagi ——— = 55.00
g. Kristinn Ásgrímsson á Hamri 10 ára Fer til Boga á Mörubrekku ~~Arngríms á [illegible]~~ með Kr. = 10.00 nema ef Björn vill halda hann með sama.
h. María Ásgrímsdóttir á Steinhóli 8 ára. Fer til Einars á Molastöðum með Kr. = 25.00
i. Jóhann Friðriksson á Hálsi ~~Krakavöll~~. Fer til Hjálmars á Holti með Kr. = 50.00
j. Gísli Kristinn Aðalsteinsson á Steinhóli 1 árs Fer til Jóns Bergssonar fyrir meðlag Kr. = 60.00

k. Sigurður Jónsson á Haganesi (gamalmenni)
Fór til Jóns Hermannssonar á Rhóli með kr. 25.00
2. Jón Jónsson á Bakka sagði til Kristínar
Jónsdóttur, fylgikonu sinnar, og fór þá
hreppsnefndin fram á það við hann, að hann
segði lausri jörðunni og hætti búskap,
og sérstaklega þessvegna, að einu barninu
byðist meðgjafarlaus staður, en Jón var
ófáanlegur til þess og ætlar hann að halda
áfram að búa.
3. Búpenings og fóðurbirgðaskoðun.
Komu menn sér saman um að skoðun
þeddi fram fari seinni part Marzmán-
aðar komandi. Ennfremur var ákveðið
að skoða skyldi í smáfélögum og voru
kjörnir til skoðana þessir menn.
1. Kristján á Lambanesi og Ísak á Lambanes-
nessreykjum skoði neðanfrá sjó, fram
að Brúnastaðaá.
2. Guðbrandur á Saurbæ og Halldór á Bjarna-
gili skoði frá Brúnastaðaá, framað
Molastöðum.
3. Jón á Hólum og Jón á Reykjarhóli, skoði
frá Molastöðum, fram að Stýfluhólum.
4. Guðm. á Þrasastöðum og Sveinn á
Deplum skoði frá Heimstöðum að Þrasa-
stöðum.
5. Jón á Máafelli og Rögnvaldur á Tungu
skoði frá Máafelli að Gautastöðum.
6. Guðm. á Minnibrekku og Ólafur á Sléttu
skoði frá Skeiði að Sléttu.
Gefi þessir skoðunarmenn hreppstjóra
skýrslur sínar í Marzlok.
4 Talað um sundkenslu og var Sýslunefnd-
armanninum falið, að leita ~~um~~ styrks
til hennar, eins og verið hefir. Ennfremur
gat sundkennarinn þess, að laugar-
garðurinn væri slæmur orðinn og
vildi láta leita styrks til garðhleðslu —
allt að 50 kr. Var það samþykkt.
5. Talað um sýsluveginn í hreppnum. Sýslu-
nefndarmanninum var falið að sækja
um allt að 500 kr. styrk úr sýslu-
vegasjóði til að gjöra ~~braut~~ áfram-
haldandi af sýsluvegi þeim er gjörður
var ~~af~~ á Brúnastaðamýrum í vor
sem leið; ennfremur óskuðu menn
að sýslan legði hreppnum til kerru
og aktýgi, til hægðarauka við vinnu
á sýsluvegi framvegis. Lofuðu menn

að leggja svo mikið, af hreppavegavinnu í þennan áætlaða veg, sem mögulegt ~~er~~
Í sambandi við þetta sýsluvega mál, ~~vildu menn~~ fara menn fram á það, að Sýslu=nefndin gæfi framvegis eptir þær 20 kr. sem árlega eru borgaðar úr hreppsvega=sjóði til sýsluvegasjóðs.

6. Töðueyðing og töðueitrun. Var ákveðið að kaupa rjúpur og eitra, svo víða, sem hreppsnefnd álítur nauðsynlegt.

7. Búfénaðs deild: Oddviti bar upp bú=stofns deildar málið og var talað vel rétt um það ~~málið~~. Voru allir á móti því, að vera í félagi við Vesturhreppinn, með því móti, að borga 2 kr. leigu eptir ána á ári. Hölluðust menn helzt að því, að Austurhreppurinn yrði sér í félagi. ~~og skyldi hreppurinn hafa þann hag, sem yrði af búfénaðs=~~ deildinni. og skyldi leiga eptir hverja á vera 1.50 kr. Stungið var upp á að nefnd skyldi kosin í málið; ~~og~~ Voru kosnir Hermann á Reykjarhóli

Jón á Illugastöðum
Einar á Molastöðum
Jóhannes á Illugastöðum.
Guðm: Davíðsson.

Skal nefndin hafa aflokið starfi sínu fyrir 20 þ.m.

8. Ásgrímur á Neðstöðum bar sig upp um útsvar sitt og Sigurðar sonar síns, ~~en~~ frá s.l. hausti, en hreppsnefndin sinti því engu.

Fleira kom ekki til umræðu; fundargjörð lesin, fundi slitið.

Jón Jagústsson    Guðmundur Bergsson
Jón Gunnlögsson    E.V. Hermannsson
Jón Magnússon.

Árið 1906, Laugardaginn, þann 13. d. Janú=arm. var almennur hreppsfundur haldinn á Stóra Holti, til að ræða um ýmiskonar málefni sveitarinnar.
Kom þá fyrir:
1. Lesið upp frumvarp til laga um á=

gang búfjár, og grennslast eptir, hverja
undirtektir frumvarpið ~~fengi~~ fær.
Frumvarpið var samþykkt óbreytt.

2. Ómagar hreppsins:

1. Þorlákur Guðmundsson Nesi 11. ára.
Verður kyr með meðlagi = Kr. 20.00

2. Bjarni Gíslason Reykjarhóli 14 ára
fellur úr.

3. Ólafía Guðmundsdóttir á Höfn 5 ára
ákveðið að hún fari til Guðm. föður
síns með 25 kr. meðlagi, ef hann vill
taka hana; annars verði hún kyr með
þessu sama meðlagi.

4. Kristinn ~~Ásgrímsson~~ Helgason á Gautastöðum
8 ára. Verður kyr hjá Ólafi með 25 Kr.
frá hreppnum, nema ef Helgi faðir
hans vili taka þátt í meðgjöfinni.

5. Kristinn Ásgrímsson Hamri 11 ára.
Fer til Sigurðar á Háakoti meðgjafar
laust, nema ef húsbóndi hans núver=
andi vill hafa hann eptir leiðis með=
gjafarlaust.

6. María Ásgrímsdóttir á Steinhóli
9 ára gömul. Verður kyr með sama
meðlagi = Kr. 25.00

7. Jóhann Friðriksson Hálsi.
Óráðstafaður í bráð.

8. Júlíana Einarsdóttir Háakoti 11 ára
Verður kyr með sama meðlagi = Kr. 10.00

9. Valgerður Bjarnadóttir Minnibrekku. Verður
kyr, með sama meðlagi = Kr. ~~24~~ 40.00
svo framarlega, sem hún hafi sömu heilsu.

3. Talað um sýsluvegi:
Sýslunefndarmanninum var falið á
hendur að fara þess á leit við Sýslu=
nefnd, að hún veiti 500 Krónur úr
Sýsluvegasjóði til aðgjörðar á sýslu=
vegi þeim, er gjörður var í hitteðfyrra
og nýs vegar á milli Brúnastaðaár
og Saurbæjar, gegn 100 kr. tillagi frá
hreppsvegasjóði.

4. Sýslunefndarmanni falið að leita
styrks til sundkennslu eins og verið
hefir.

5. Búpeningsog fóðurbyrgðaskoðun;
Kosnir voru sömu menn og í fyrra
að undanteknum Halldóri á Bjarnar=
gili, sem var ófáanlegur og var kosinn
í hans stað Páll Arngrímsson á Minna
holti. Gefa þeir hreppstjóra skýrslu sínar
fyrir Marzmán. lok.

6. Tóueyðing og refaeitrun; ákveðið var, að eitra með kind og annast oddviti um, að kind fáist og yfir höfuð sér hann að öllu um eitrun og útburð fyrir tóur.

7. Lögð fram styrktarsjóðsskýrsla og gjörðar athugasemdir við hana.

Guðm. Davíðsson.
Jón Sigurðsson

Ár 1906 þ. 27. d. Marzmán. Var haldinn fundur á Stórahalti af mörgum bændum hreppsins til að ráða um tóbaksblaða= pöntun til fjárbaðana á þessu ári o. fl. Kom til umræðu:

1. Beiðni frá Birni á Borgargerði um það, að hreppsnefndin leyfði að ábúandinn á Borgargerði og ábúandinn á Sjöundarstöðum hefði skipti á 2 dagsláttu svæði, sem hver á í annars landi og var það samþykkt. Í öðru lagi fór Björn framá, að hreppurinn styrki sig til baðstofubyggingar á næsta vori, með því að láta sig fá við í hítið, og var samþykkt, að gefa Birni eptir eptir gjaldið næsta ár með því máti að hann verji fénu til viðarkaupa til baðstofubyggingar og Haganesshreppur veiti honum hlut= fallslegan styrk til sama fyrirtækis.

2. Leitað álits bænda um það, hvort þeir vildi sinna tilboði Sýslunefndar, að Odd= viti hennar pantaði tóbaksblöð til böðunar næsta haust fyrir 50 aura pundið. Voru menn á því að halda sér að þessu tilboði og skulu bændur hafa gjört oddvita aðvart um það fyrir Krossmessu næstu hve mikið tóbak þeir vilja og skulu peningar fylgja pöntun hvers um sig.

Jón Sigurðsson
Guðm. Davíðsson

Árið 1906. dag 15 desembermánaðar var haldinn útsvarskærufundur að Illugastöðum, var meiri hluti hrepps= nefndar á fundi. Útsvör kærðu:

1) Jón Guðm. Jónsson, Brúnastöðum
í samanburði við Jón Sigurðsson
Illugastöðum og Sigurð Jónsson Málastöðum
2) Sveinn Arngrímsson Brúnastöðum,
í samanburði við Magnús samastaðar,
og Jón Sigurðsson á Hraunum
3) Sæmundur Kristjánsson Lambanesi.
Bar sig saman við Svein og Magnús
vinnumenn á Brúnastöðum.
Viðvíkjandi staflið fyrsta var sú
breyting gjörð, að útsvar Sigurðar
Jónssonar á Málastöðum var hækk-
að um 1 — eina — Krónu, en útsvör
Jóns á Brúnastöðum og Jóns á
Illugastöðum standa við sama.
Viðvíkjandi 2 og 3 staflið. Fann eigi
nefndin ástæðu til að færa niður
útsvör kærenda né heldur að hækka
hjá þeim, sem þeir báru sig saman við.
Jón Sigurðsson Illugastöðum ~~15. des. 1906~~
Guðmundur Bergsson
Jón Magnússon Stefán Sigurðsson

Árið 1907. þriðjudaginn 12 febrúar
var almennur bændafundur haldinn
á Stóraholti. til að ræða um
ýmisleg sveitamál efni.

1. Rætt um ómaga hreppsins
Þorlákur Bytlunesi 12. ára gamall
verður kyr. án meðgjafar.

2. Ólafía Guðmundsdóttir Bakka 6 ár, með
Kr. 55.- oo síðast liðið ár. verður
hjá föður sínum með Kr. 50.- oo

3. María Ásgrímsdóttir Steinhóli
10. ára gömul. fer til Sigurðar
Ásgrímssonar Lambanesreykjum
með Kr. 10.oo

4. Jóhann Friðriksson Hólsi
~~hjá föður~~ fer til Páls Minniá með Kr 40.- oo

5. Júlíana Einarsdóttir Heiðarkoti 12 ára
fer til Boga Jóhannessonar Minniþverá
með engri meðgjöf.

6 Valgerður á Minni brekku óráðstöfuð
að svo stöddu.

7. Ingibjörg Gísladóttir Hrúthúsum
óráðstöfuð. sömuleiðis

8. Búpenings og fóðurbyrgðaskoðanir
í hreppnum. Voru kosnir sem
skoðunarmenn, Jón Jónsson Brúnast og Páll Jónsson
í því sveit frá Hraunum og að Brúnastöð-
frá Brúnastaðaá, og að Molastöðum
Guðbrandur Saurbæ og Jóhannes Molastöð
frá Molastöðum og fram að Hólum,
Jón Hólum og Jón Reykjarhóli,
og frá Knappstöðum framm að
Þrasastöðum Jón Bergsson Koti
og Guðm. Bergsson Þrasastöðum
frá Mjóafelli Jón ~~M.~~ og Sigurður
í Háakoti að Skeiði, frá Skeiði
að Sléttu, Guðm. Minnibr. og Stefán
í Stóruþverá

Skýrslurnar eiga að vera komnar til hreppstj. fyrir Marzmánaðar lok. Tóueyðing og refa eitrun; á hvetið að eitra 1. Gemling. Oddvita falið á hendur ~~um sjón að sjá um útbortim~~ að sjá um útburðinn.

Rætt um stofnun brunabótar-sjóðs í hreppnum; rætt nokkuð um málefnið en meiri hlutinn á móti.

Styrktar-sjóðs skráinn lögð framm hreppsbúum til athugunar; með litlum breytingum. Kom til um rætu á fundinum að framvegis mætti ekki taka trippi á afréttina utan hrepps.

Rætt um sýsluvegi: Bendu beitu framm og var samþykkt af öllum úr vegasjóð Holtshrepps 150 kr. mót 500 kr. úr sýsluvegasjóð. Rætt um að leggja veginn frá svo nefndum Holtsdekk og framm eftir

Fundar gjörð lesin upp og samþykkt. Og fundi slitið.

Jón Sigurðsson

Páll Jónsson

Árið 1907 dag 14a januar

Hélt hreppsnefndinn í Holtshreppi fund með sér á Illugastöðum, til að semja ~~[illegible]~~ Kjörskrá, og kjósa í Kjörstjórn. Var meiri hluti sveita nefndar á fundi. Í Kjörstjórn voru kostnir Jón Sigurdsson (oddviti) Jón Magnússon Hólum Gudm. Bergsson Grasastöðum

Illugastöðum, 14a januar 1907.

Jón Sigurdsson

Jón Magnússon

Gudmundur Bergsson

Ár 1907 3d. November.m. átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér að Illugastöðum að jafna niður auka útsvörum á hreppsbúa þá er gjaldskyldir voru. Var alls jafnað niður í aukaútsvörum kr 821,50 au

Jón Sigurdsson, (oddviti) Jón Magnússon

Hjörleifur Jóhannsson Gudm. Bergsson

Stefán Sigurdsson

Ár 1908, þann 27. d. Januarm. var almennur bændafundur haldinn á Stóraholti; að við stöddum fjölda bænda, til að ræða um ýms hrepps mál= efni. þetta var tekið fyrir á fund= inum:

1. Komu til tals verustaðir og meðgjafir ómaga hreppsins.

a. Sigurður á Háakoti vill taka ~~[illegible]~~ ~~meðgjafarlaust, ef hú~~ Maríu Ásgríms= dóttur á Steinhóli meðgjafarlaust, ef hún vill þaðan fara.

b. Ólafía Guðmundsdóttir á Höfn, er búist við, að verði kyr með 50 kr. meðlagi

c. Jóhann Friðriksson á Hálsi er bú-ist við, að verði kyr. Um meðlag var ekki hægt að semja, þar sem húsbóndi hans er ekki hér viðstadd-ur.

d. Valgerður Bjarnadóttir á Minnibrekku er búist við, að verði kyr þar sem hún er, svo framarlega sem Guðríður getur haldið við bú; hætti Guðríður búskap þarf að koma Valgerði fyrir seinna — með vorinu.

e. Aldís Pétursdóttir. Búist er við, að hún gangi milli manna eins og verið hefir með 2 kr. meðlagi~~nu~~ á viku.

2. Búpenings og fóðurbirgðaskoðun. Skoðun skal fram fara í Marzmán-uði svo snemma, að skoðunarskýrsl-ur verði komnar til hreppstjóra fyrir lok þess mánaðar. Þessir voru kosnir til að skoða.

a. Jóhannes Friðbjarnarson á Molastöðum og Guðbrandur Árnason á Saurbæ skoði frá Hraunum að Brúnastaðaá.

B. Jón G. Jónsson á Brúnastöðum og Páll Jónsson á Illugastöðum skoði frá Brúnastaðaá að Molastöðum.

C. Jón Magnússon á Hólum og Jóakim Guðmundsson á Hvammi skoði ~~frá Reykjarhóli að Bakka~~.

~~D.~~ Skeið að Sléttu.

D. Stefán Sigurðsson á Stóruþverá og Guðm. Stefánsson á Minnibrekku skoði frá Reykjarhóli að Bakka.

E. Hjörleifur Jóhannsson á Knappstöðum og Jón Bergsson í Nefst.koti skoði frá Móafelli að Gautastöðum

F. Rögnv. Rögnvaldsson á Tungu og Sigurður Kristjánsson á Háakoti skoði frá Húnstöðum að Þrasastöðum.

3. Tóueyðing og refar. Samþykkt var að eitra fyrir tóur og refi, þegar út á kemur, sér oddviti um eitrun og útburð hjá-ins.

4 Samþykkt var að leyta til Sýslunefndar um styrk til sundkenslu, alt að

100 krónum.

5. Vegamál. Samþykt var að leita til Sýslunefndarinnar um 500 kr. styrk gegn 300 kr. ~~frá~~ hreppsbúum, til að leggja veg frá Ketilásnum suður Holtsmýrar ~~framm~~ fram á Saurbæjarnes. Guðm. á Þrasastöðum gefur kost á sér sem verkstjóra við þessa fyrirhuguðu vegargjörð óskað er eptir 1 kerru með aktýgjum til láns, og til ýmsra mölbrjótum.

6. Vegamál. Borið var fram, að nauðsyn bæri til að fá fé til að gjöra við veginn á Lágheiði og á Siglufjarðarskarði. Er áætlað að um 1200 kr. þyrfti til að gjöra við veginn á Lágheiði og um 500 kr. á Siglufjarðarskarði. Var sýslunefndarmanninum falið að leita þessa fjár á viðkomandi stað. Fleira kom ekki til umræðu. Fundargjörð lesin og samþykkt.

Jón Sigurðsson Guðm. Davíðsson

Árið 1908 dag 10 júní

Hjelt hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sjer á Illugastöðum til að kjósa kjörstjórn til ~~g~~ að stjórna kosningu til alþingis. og hlutu kosningu Guðm. hreppstjóri Davíðsson Hraunum og Jón oddviti Sigurðsson Illugastöðum og Jóhannes Friðbjarnarson Mólastöðum

Illugastöðum 10 júlí júní 1908

Guðmundur Davíðsson Jón Sigurðsson

Hjörleifur Jóhannsson Stefán Sigurðsson

Guðmundur Bergsson Jón Magnússon

Ár 1908, dag 31. Október var haldinn fundur að Illugastöðum til að jafna niður sveitarútsvörum. Voru allir hreppsnefndarmenn á fundi. Var jafnað niður í aukaútsvörum als: Kr.: 785,52.

Illugastöðum 31. Okt. 1908.
Jón Sigurðsson.
Jón Magnússon. Stefán Sigurðsson
Guðmundur Bergsson Hjörleifur Jóhannsson

Ár 1909, þann 27. d. Febrúarmánaðar var almennur bændafundur haldinn á Stóra=Holti að viðstöddum rúmlega 3/4 hluta bænda í hreppnum, til að ræða með sér ýms málefni hreppsins.
Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Komu til tals verustaðir og meðgjafir ~~hrepps~~ ómaga hreppsins.
a. Ólafía Guðmundsdóttir á Höfn 8 ára gömul. Fer til Jóns G. Jónssonar á Brúnastöðum fyrir sama og áður var meðlag = 50.00
b. Aldís Pétursdóttir. Búist er við, að hún komist niður fyrir 2 krónur á viku hingað og þangað í hreppnum, en verði það ekki, verða hreppsbúar að taka því.

2. Búpenings og fóðurbyrgðaskoðun.
Skoðun skal fram fara í Marz mánuði svo snemma, að skýrslur skoðunarmanna séu komnar til hreppstjóra fyrir lok þess mánaðar. Skoðunarmenn voru kosnir þessir:
A. Jóhannes Friðbjarnarson á Molastöðum og Guðbr. Árnason á Saurbæ skoði frá Hraunum að Brúnastaðaá.
B. Jón G. Jónsson á Brúnastöðum og Kristján Jónsson á Lambanesi skoði frá Brúnastaðaá að Molastöðum.
C. Jóakim Guðmundsson á Hvammi og Páll Arngrímsson á Hálakoti skoði frá Skeiði að Sléttu
D. Guðm. Stefánsson og Sigurbjörn

Pálsson á Skeiði skaði frá Reykjar=
hóli að Bakka

e. Hjörleifur Jóhannsson á Knappstöð=
um og Anton Jónsson á Deplum
skaði frá Mósfelli að Gautastöðum.

f. Rögnvaldur Rögnvaldsson á Tungu
og Sig. Kristjánsson á Hraunakoti skaði
frá Hlíðstöðum að Þrasastöðum.

3. Tóuleyðing og refa. Samþykt var að
eitra fyrir tóur þegar út á kemur;
oddviti skal sjá um eitrun og út=
burð ~~[illegible]~~ þess, sem eitrað er.

4. Skýrt var frá símamálinu og því
lýst yfir, að hreppurinn hefði tekið
að sér, að ábyrgjast á sínum tíma
fé til símalínu frá Vatnsleysu
til Siglufjarðar ~~[illegible]~~ Kr. = 775.00.

5. Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð lesin og samþykt.

Jón Sigurðsson
Guðm Davíðsson

Ár 1909 6 Nóvembr. var haldinn fundur að
Illugastöðum til að jafna niður sveitar útsvörum.
Voru allir hreppsnefndar menn á fundi.
Var jafnað niður í aukaútsvörum alls: Kr. 866.52

Illugastöðum 6 Nóvembr. 1909.

Jón Sigurðsson

J. Magnússon Hjörleifur Jóhannsson
Stefán Sigurðsson Guðm. Bergsson

Árið 1910 þann 26 d Febrúarmánaðar
var almennur bændafundur haldin í Stórh=
aðnið stöðdum sjálfa bænda til að ræða
með sér ýmis málefni hreppsins.
Þetta var tekið fyrir í fundinum:

1 Rætt um verustaði, og meðgjafir ómaga
hreppsins

a. Yngsta barn Þorkels í Legningi (1/2 árs gamalt) ekki ásamt hjá Guðmundi Mímisbrekku að taka það með 70,oo meðlagi;

b. Jóhanna Björnsdóttir Deplum verður kyr svo framarlega að hlutaðeigandi vili halda hana með sammgjörnu meðlagi, og hún vili að hyllast það sjálf

c Aldís Pétursdóttir tekst til heimilis á Gautastöðum; með lag 130,oo.

d. Ólafía Guðmundsdóttir Brúnast. verður kyr með 45 kr meðlagi í stað 50,oo.

2. Búpenings og fóðurbyrgða skoðun

Skoðun skal fram fara fyrir miðjan marzmánuð og skýrslur skulu vera komnar til hreppstjóra fyrir lokmánaðarins.

Skoðunarmenn voru kosnir þessir:

a Björn Jónsson í Holti og Guðbr. Arnason Saurbæ skoða frá Hraunum að Brúnastaða-á –

b Pétur Jónsson í Reykjum og Páll Jónsson í Ysta Mógastöðum skoði frá Brúnastaða-á að Molastöðum.

c Stefán Sigurðsson Stórubrekku á og Sigurjón Sigtryggsson í Stórubrekku skoði frá Molastöðum að Stiflu hálsum.

d Sigurður Kristjánsson Hvaakoti og Rögnvaldur Rögnvaldsson Tungu skoði frá Húnsstöðum að Grasastöðum

e Páll Guðvarðarson Melbreið og Guðm. Bergsson Grasastöðum skoði frá Mósfelli að Gautastöðum

f Páll Arngrímsson Holakoti og Jón Hermannsson Reykjarhóli skoði frá Skeiði að Sléttu.

3 Tóuvertreyting og nefnd
Samþykt var að eitra fyrir tóur
einsog að undanförnu nefnd ef sýslu
fundar gerir undanþágu frá því
Oddviti skal sjá um útburð og eitrun á
því sem eitrað er.

Vegamál
4 Fundarinn samþykti að sækja um ~~styrk~~
styrk til sýslufundar úr brúarsjóði
til aðgerðar á Þjótár brú og
sýslufundar manninum falið á hend-
ur að fylgja því máli ýtarlega
5 Fundarinn samþykti að sveitarsjóður
leggi til kr. 300,00 móti kr 600,00
úr sýslusjóði til sýslu vegagerðar frá
Ketilás og fram — — — —

6 Fundarinn samþykti að sækja um
500,00 styrk til Landssjóði og
til aðgerðar á alt að 1200 fr. aðeins
á Lágheiðarveginum hátt um ... ~~fetur~~ fetur og sýslu

nefnu að gefa besti meðmæli sín.

5 Fundarinn samþykkir að sækja um
styrk til sundkenslu einsog að
undanförnu.

6 Gangnamál kom til umræðu og
var samþykt að kjósa þriggja manna
nefnu til að athuga málið og leggja
fram álit sitt á vor hreppaskila-
þyngi og kostningu hlutu:
Jón Magnússon Minnakalti
Guðm Bergsson Grasastöðum
og Stefán Sigurðsson Stórubrekku

Fundargjörð lesin og samþykt

og Fundi slitið
Jón Sigurðsson
J. Jónsson

Þann 19. nóvember árið 1910 var haldinn fundur að Illugastöðum til þess að jafna niður sveitarútsvörum. Allir hreppsnefndarmenn mættu á fundinum.

Jafnað var niður alls kr. – –
í aukaútsvörum — — = 701,78

Illugastöðum 19. nóvember 1910

Jón Sigurdsson oddviti
Jóhannes Friðbjarnarson
Gudmundur Bergsson
Sigurbjörn Pálsson
J. G. Jónsson

Árið 1911, þann 4 d. Febrúar, var almennur bændafundur haldinn á Stóraválki, að viðstöddum fjölda bænda.
Á fundinum var þetta tekið fyrir:

1. Rætt um verustaði og meðgjöf ómaga:

A. Jóhanna Bjarnadóttir á Dæslum. Húsbónda hennar – Antoni Jónssyni á Dæslum – hafði verið tilkynt af oddvita, að ef hann vildi losast við ómagann, eða breyta meðlagi með honum, þyrfti hann að koma á fundinn. Var nokkra stund beðið eftir honum, en þegar hann kom þá var samið svo við hann, að hann heldi ómagann með 60 kr. ~~meðlagi, svo framar lega sem hún haldi sæmilegri heilsu, en meðlagið hækki tilsvarlega, ef heilsu hennar hrakar~~

B. Aldís Pétursdóttir: Verður kyr á Gauksstöðum, með sama meðlagi kr. = 130.00

C. Ólöfía Gudmundsdóttir Tungu. 10 ára. Verður kyr með 30 króna meðlagi.

2. Búpenings og fóðurbyrgðaskatur.
Samþykt var að almenn skoðun færi fram fyrri hluta Marsmánaðar og skulu skoðunarskýrslur komnar til hreppstjóra fyrir Marsmánaðar lok. Þó skulu einstakir menn, er þess óska, eiga heimtingu á að skoðað sé hjá sér fyrri.
Kosnir voru þessir menn:

a. Jón á Minnaholti og Guðbrandur á Saurbæ frá Hraunum, að Brúnastaðaá
b. Pétur á Reykjum og Páll á Illugastöðum frá Brúnastaðaá að Mólastöðum
c. Stefán á Stóruþverá og Sigurjón á Stóru Brekku, frá Mólastöðum að Stífluhólum
d. Sigmundur á Hólakoti og Jón á Tungu frá Stífluhólum að Þrasastöðum
e. Hjörleifur á Knappstöðum og Guðm. á Þrasastöðum frá Móafelli að Gautastöðum
f. Jón á Reykjarhóli og Páll á Hólakoti frá Skeiði að Sléttu.

3. Refaeyðing: — þar sem engin dýr hafa lagt í hreppnum í a. l. 2–3 ár og ~~varla~~ ekki hefir orðið vart við hlaupadýr, þá samþykkja bændur, að beiðast undanþágu frá eitrun fyrir tóur á þessum vetri; jafnframt er skorað á sýslunefndina að gjöra sitt hið ítrasta til, að Siglfirðingar láti ~~eitra~~ fyrir tóur í sínu héraði nyrst sem innst.

4. Vegamál: Kom til tals, að sækja um fé úr landsjóði til að gjöra akveg frá Haganesvík að Þrasastöðum. Eftir nokkrar umræður, var samþykkt, að sækja um féð, gegn því að Holts og Haganesshreppar legðji ~~t~~ á móti landsjóðsstyrk væntanlegum 1000 kr. á ári í 6 ár. Ennfremur var samþykkt að bera málið undir sýslufund og leita styrks úr sýsluvegasjóði til fyrirtækisins. Var oddvita falið að koma máli þessu í framkvæmd svo snemma, að það geti komið fyrir næstk. Alþingi.

5. Kosinn var á fundinum Guðm. bóndi Stefánsson á Minnibrekku, til að læra doðalækningu, og legbólgulækningu á. fl. ~~er~~ heyrir til kúasjúkdóma~~r~~ lækninga eftir því, sem hann hefir tækifæri og efni til og vera búinn að undirbúa sig til kúalækninga á næsta hausti með áhöld og meðöl ~~til þess~~.

6. Fljótaárbrú: Skorað var á Sýslufund að taka það mál til rækilegrar íhugunar og framkvæmdar ~~strax~~ á næsta ~~sumri~~ vori.

7. Bréfhirðing í Stíflu: Kom fram ósk frá Jóni Jónssyni bónda í Tungu um að bréfhirðing væri sett á stofn í Stíflu. Var samþykkt að áskorun í þessa átt ~~þar~~

til Sýslufundar, um meðmæli hennar til póststjórnarinnar þessu máli viðvíkjandi.

8. Símastöð á Hraunum: ~~Sam~~ Samþykt var að fara þess á leit við Síma-stjórn Íslands, að hún á næstkomandi sumri setji talsímastöð á Hraunum, hreppnum að kostnaðarlausu, en hrepp-urinn kosti starfrækzluna.

9. Búnaðarfélagsmál: Samþykt var í einu hljóði að veita sýslufundi leyfi til að taka boði Ræktunarfélags Norður-lands um umþenta ráðanaut gegn 50 aura gjaldi af grasbýli hverju í hreppnum.

10. Sundkensla: Samþykt var að sækja um fé til sundkenslu, á næsta vori, eins og verið hefir. Samþykt var ennfremur að sækja um 40 kr. úr Sýslusjóði, til að byggja nýjan sund-laugargarð við Lilslaug. Oddvita falið að koma málinu í framkvæmd.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð lesin og samþykt.

Jón Sigurðsson
Guðm Davíðsson

Viðbót.
Eftir að fundargjörðin var upplesin og samþykt, kom þetta mál fyrir:

11. Símamál: Fundurinn skorar á Sýslu-nefndina, að hún reyni að útvega hreppum þeim, er tekið hafa lán í bönkum eða sparisjóðum til að borga með símatil-lög sín, lán úr landsjóði, með vægari kjörum en þeim, er viðkomandi hreppar þurfa nú að hlýta.

Þann 18 nóvember árið 1911, hélt hreppsnefndinn í Holtshreppi fund með sér, að Illhugastöðum, til þess að jafna niður aukaútsv. í hreppnum, á hreppsbúa þá sem gjaldskyldir vóru.
Als var jafnað niður í auka-útsvörum Kr. 1303,29

Illhugastöðum 18. nóvemb. 1911
Jón Sigurðsson (oddviti)
Jóh. Friðbjarnarson
Jls. Jónsson S. Björnsson
Guðmundur Bergsson

Þann 28. desember árið 1911 var haldinn hreppsnefndar fundur að Illhugastöðum í Holtshreppi, til þess að ræða um útsvars-kæru Halldórs bónda Jónssonar á Bjarnargili. Hreppsnefndar menn mættu allir á fundinum. Kærandi bar sig saman við þessa hreppsnefndar menn. Jón G. Jónsson Tungu, Sigurbjörn Pálsson Skeiði, og Jóh. Friðbjarnarson Stóraholti, en fremur Jón Jónsson bónda á Brúnastöðum, sem ekki mætti á fundinum. Kærandi mætti ekki sjálfur, en í hans stað mætti sonur hanns Ásgrímur Halldórsson Bjarnargili

Töluverðar umræður urðu um málið.
Útsvar kæranda, sem er að upphæð Kr. 30.00
vill kærandi, fá fært niður í
Kr. 18.00, en upp að sama skapi
hjá samanburðar mönnum.
Til þess að reyna að koma sáttum
stakk oddviti uppá, að útsvar
kæranda væri fært niður um
Kr. 4.00, niður í Kr. 26.00
og féllust nefndar menn á þá
uppástungu, sér sér ekki fært
að slá því meira niður. Kærandi
vildi ekki ganga að þessu boði.
Og þar sem samkomulag ekki getur fengist
er kærunni vísað til sýslufundar.
Í Ulhugast. 18. desemb. 1911 Jón Sigurðsson
Jóh. Friðbjarnarson J. G. Jónsson Sigurlj Björnsson
Guðm Bergsson

Árið 1912, þann 3. Febrúar var almenn=
ur bændafundur haldinn á Stóra holti
að viðstöddum fjölda bænda. Fundar=
stjóri var kosinn Jón oddviti Sigurðs.
á Illugastöðum og skrifari Guðm.
Davíðsson á Hraunum.
þessi mál voru tekin fyrir:
1. Lesin upp styrktarsjóðsskýrsla,
og ~~tekið~~ ámóti athugasemdum
við hana.
2. Verustaðir og meðlög ómaga.
A. Jóhanna Bjarnadóttir Deplum.
Verður kyr með meðlagi Kr. = 60.00
þó áskilur hús bóndi hennar sér
rétt til að fá meira með henni, ef
hún fer alfarið í rúmið.
B. Aldís Pétursdóttir Gautastöðum.
Verður kyr með sama meðlagi Kr. = 130.00
C. Ólafía Guðmundsdóttir Túngu.
Fer til Sigurjóns keyrara Sigurðs=
sonar á Siglufirði, án þess, að til
nokkurrar meðgjafar komi, frá
hreppsins hálfu.
D. Einar Jónsson á Hraunum.
Hús bóndi ~~hans~~ hans tilkynti það, að
hann gæti ekki, með nokkru móti
haldið hann nema til vors hins

næsta; og en þar, sem enginn gaf
sig fram til, að taka hann, er honum
óráðstafað að svo stöddu.

2. Kristján Símonarson á Þverá í Sléttu-
hlíð. Sigurjón á Stóru-Brekku vill
taka hann fyrir Kr. = 55.00

3. Búfénings og fóðurbyrgðaskoðun.
Kosnir voru Jóhannes á Stóra=Holti
og Jónas s. st. til að skoða á svæðinu
frá Hraunum, að Stíflu hólum,
Jón G. Jónsson í Tungu og Sigurður
á Háakoti skoða í allri Stíflunni
og Sigurbjörn á Skeiði og Guðm.
á Minnibrekku skoði frá Skeiði
að Sléttu.

4. Refaeyðing. Samþykkt var að eitra
fyrir tóur seinna í vetur.

5. Vegamál. Samþykkt var að sækja
um 300 krónur úr sýsluvegasjóði
gegn 60 krónum frá hreppnum
til vegabótar á sýsluveginum
frá Hraunum að Lambanes=
reykjum og frá Stóraholti að
Saurbæ.

6. Fljótaárbrú. Skorað var á Sýslu=
nefnd að koma ~~Fljóta~~ brúnni á

Fljótaá nú á næsta vori, í þeim
sama stað og hún áður var.
Í sambandi við þetta var skorað á
Sýslunefndina að veita Ólafi
bónda Sveinssyni á Sléttu
40 krónur* fyrir átroðning,
sem hefir leitt af brúar leysinu
og hjálp hans við ferðamenn þá
sem yfir ána hafa þurft að
fara.

* í viðurkenningarskyni

7. Búnaðarfélagsmál. Sýslunefndar=
maðurinn hreyfði tilboði Búnaðar=
arfélagsins því, sem fram kom
í fyrra um ~~að~~ mann til leiðbein=
inga í búnaði, jarðabóta mælinga
o. fl. urðu talsverðar umræður;
síðan var gengið til atkvæða, og
var málið fellt með 10 atkvæðum
móti 8 atkvæðum.

8. Sjúkrahúsmál. Sýslunefndar=
manninum hafði borist til eyrna,
að farið myndi verða fram á
að flytja sjúkrahúsið á Sauðár=
króki og óskaði hann álits
manna um það mál. Voru allir
á móti flutningi sjúkrahússins

svo framarlega sem sá flutn=
ingur yki sýslunni nakkurn
kostnað.

9. Bryggjumál. Sýslunefndar með=
urinn gat þess sinnig, að Bryggju
mál Sauðárkróks.[x] Væru allir ein=
róma um það, að ~~það~~ þeir vildi
ekkert leggja fram til væntanlegs
bryggju smíðis.

[x]10. Skorað var á sýslunefndina, að
innheimta fé það sem sýslan á
hjá sláturhúsi Sauðárkróks, með
áföllnum rentum.

11. Halldór Jónsson á Bjarnargili kom
fram með kröfu um 2 kr. þóknun
á ári í síðastliðin 9 ár fyrir hús=
pláss til hundahreinsunar.
Samþykkt var, að veita umbiðj=
anda þessa þóknun. ~~með~~ Skal
þetta fé ganga til borgunar, hinni gömlu skuld
hans við hreppinn.

12. Talað var, útaf fyrnefndri kröfu
um það ~~að~~ hvort ekki væri heppi=
legast að byggja kofa til hunda=
[x] mundi koma fyrir á næsta Sýslufundi

hreinsunar í hreppnum eftirleiðis.
Samþykkt var að byggja tvo kofa, annan
í Stýflu en hinn í Fljótunum neðan
Hóla. Var Jóni G. Jónssyni á Tungu
falið, að byggja standa fyrir byggingu kofans í Stýflunni,
en Páli Arngrímssyni á Hólakoti
að byggja byggingu hins kofans. Kofana
skal byggja sem næst miðju hvers
hérabsins.

13. Kom fram tillaga um það, að ganga
~~rúf~~ ~~skyldi~~ uli eftirleiðis metin
á 2.50 kr. og var það samþykkt.

[x]14. Samþykkt var, að sækja um styrk
til sundkenslu, til sýslunefndar
— eins og að undanförnu.[x]

Fleira kom ekki til umræðu.

Fundargjörð lesin og samþykkt.

Jón Sigmundsson
Guðm. Davíðsson.

[x] Í sambandi við þettar var samþykkt, að
skora á Sýslunefndina að leggja fram
Kr = 25:00 til tjalds kaupa til afnota
við sundkenslu í Fljótum, þar
sem gamla tjaldið er algjört úr sögunni.

Árið 1913, þann 10. d. Febrúarm. var almennur bændafundur haldinn á Stórahalli, að viðstöddum fjölda bænda. Fundarstjóri var kosinn Jón oddviti Sigurðsson á Illugastöðum, en skrifari Guðm. Dav. á Hraunum.

Þessi mál voru tekin fyrir:

I. ~~Herpinótaveiði í landhelgi~~
Þrifabaðið á sauðfé.

Lesið var upp bréf frá Sýslumanni um heimildarlög fyrir þrifabaðinu á sauðfé; hafði mál þetta verið sett í fundarboð það, er gekk um hreppinn með nægilegum fyrirvara og skýrt tekið fram, að um þetta mál ætti atkvæði að greiða. ~~Af~~ 45 standa á kjörskrá. Þar af mættu 30 og greiddu þeir allir atkvæði. Á móti málinu — eins og það lá fyrir — voru öll atkvæði = 30, en með því ekkert atkvæði.

II. Herpinótaveiði í landhelgi.
Kom til tals, að standa mundi til, að að ~~semja~~ samin yrði fyrir Skagafjarðarsýslu fiskiveiða samþykkt, les bannaði herpinótaveiði í landhelgi, og voru allir fundarmenn því samþykkir, að nauðsyn

bæri til að hefta yfirgang þeirra — útlendra, og innlendra — veiðimanna, er taka síldina í landhelgi, svo sem frekast mætti verða, og var sýslunefndarmanninum falið að fylgja því máli á sínum tíma.

III. Upplesin styrktarsjóðsskýrsla og tekið á móti athugasemdum við hana.

IV. Verustaðir og meðlög ómaga.

1. Jóhanna Bjarnadóttir Deplum.
Fer til Páls á Þorgautsstöðum með Kr. 55.00 án nokkurra skilmála, að öðru leyti.
2. Aldís Pétursdóttir Gautastöðum
Verður kyr, með sama meðlagi = Kr. 130.00
3. Einar Jónsson Brúnastöðum.
Verður kyr með 40 aura meðlagi á dag.
4. Sölfi Jónsson á Haganesi.
Anton á Deplum (Jón Bergsson) ~~ætla~~ býðst til að taka hann, með sama meðlagi og Einar Jónsson = Kr. 0.40 á dag.
5. Kristján Símonarson.
Jóhannes Friðbjarnarson býðst til að taka hann með Kr. = 55.00 yfir fardagaárið.
6. Sofía Jónsdóttir Ökrum.
Guðm. Stefánsson á Minnibrekku, Guðbrandur á Saurbæ og Jón á Reykjarhóli bjóðast til að taka hana fyrir Kr. 60.00 — yfir árið.
7. Ingimar Sölfason Berghyl 2 ára.
Verður kyrt með sama meðlagi = Kr. 60.00, ~~með~~

nema ef ~~þau þjóð~~ húsbændur hans ~~þess~~ vilja
skila honum ~~þau~~ í vor.

V. Búpenings og fóðurbyrgðaskoðun.
Kosnir sömu menn og í fyrra, til að skoða á sömu svæðum og þeir þá skoðuðu á.

VI. Refaeyðing: Samþykt að eitra fyrir tóur sama í vetur.

VII. Vegamál: þarsem víst er að brú kemst á yfir Fljótaá í vetur, en vegurinn að brúnni er ófær á c. 150 föðmum, þá sjá menn sér ekki annað fært en að sækja um styrk úr Sýsluvegasjóði um kr. alt að 420 Krónum, gegn 70 Kr. tillagi frá hreppnum. Verði einhver afgangur af fé þessu þá verður því varið til aðgjörðar á sýsluveginum frá Hraunum að Sambanesreykjum.

VIII. Ákveðið var, að sækja um sundkenslustyrk til sýslunefndar, eins og að undanförnu.

IX. Fundahús:
Talað var um að æskilegt væri, að koma upp sérstöku fundarhúsi fyrir hreppinn. Kom fram í umræðunum, að þetta væri að vísu mjög æskilegt, en: eftir því sem ástæður hreppsins eru nú í efnalegu=
tilliti, þá sáu menn sér enganveginn fært, að koma því máli í framkvæmd í næstu framtíð.

X. Hrossakynbætur.
Var talsvert rætt um málið. Töldu ýmsir agnúar á því að halda hrossakynbótareglugjörð sýslunnar og aðallega þá sá agnúi, að Ólafsfirðingar eru engum kynbótalögum háðir og sleppa folum sínum á afrétt hreppsins þrátt fyrir mótmæli þeirra. En skorað á sýslunefndina að gjöra sitt til, að ~~þeir~~ Ólafsfirðingar komist undir kynbótareglugjörð Eyjafjarðarsýslu.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð lesin og samþykt.

Guðm. Davíðsson.
Jón Sigurðsson

Viðbót við ofanritaða fundargjörð.

Samþykt var að fela sýslunefndinni, að gjöra einhverjar ákvarðanir, er tryggt gæti sýslubúum fjáreign þeirra, þá er kaupstaðarrekstrar að haustinu ~~fara að ganga~~ betur en á sér stað ~~nú~~ er. Óskuðu menn helst

samþykkt í þá átt gangi í sömu stefnu og „reglur um fjárrekstra í Þóroddstaða-hreppi" (Slr. Sýslufundargjörð Eyjfirðinga 1912, bls. 16) en þó með þeirri viðbót, að samþykktin nái yfir allt haustið, frá því að rekstrar byrja, þangað til þeir hætta.

Guðm. Davíðsson

Jón Sigurðsson

Árið 1914, þann 17. d. Februarm. var almennur bændafundur haldinn að Stóra Holti að viðstöddum 30 bændum; þetta var tekið fyrir á fundinum:

I. Lesin upp styrktarsjóðs skýrsla og tekið á móti leiðréttingum við hana.

II. Verustaðir og meðlög ómaga:
1. Þóranna Bjarnadóttir Verður hjá Antoni Jónssyni á Deplum fyrir Kr. = 55.00
2. Aldís Pétursd. á Gautastöðum Bituð við, að hún verði kyr með sama meðlagi Kr. = 130.00
3. Einar Jónsson á Brúnastöðum. Óráðstafaður í bráðina.
4. Kristján Símonarson á Sléttu. Verður kyr með sama medl. Kr. = 55.00
5. Sofía Jónsd. á Reykjarhóli. Verður kyr á Reykjarhóli, að hálfu og á Stóru-brekku, hjá Dúa Stefánss. að hálfu, fyrir Kr. 50.00 – allt árið.
6. Ingimar Sölfason á ~~Bergsstöðum~~ Minnikvíslá. Verður kyr með sama meðlagi. Kr. = 65.00

III. Búpenings og fóðurbyrgðaskaðan. Sömu menn fengust til að skoða á, sömu svæðum og fyrirfarandi ár.

IV. Refaeyðing: Samþykkt að eitra fyrir tófur seinna í vetur.

V. Vegamál. Samþykkt var að sækja um 500 kr. styrk úr sýslu-vegasjóði gegn 100 kr. tillagi frá hreppnum, til vegalagningar frá fjallveginum yfir Siglufjarðar-skarð, fyrir ofan túngarð á Hraunum og þaðan suður og út ettir

Ferjunaengi.

VI Sundkensla. Samþykt var að sækja um ~~sundken~~ styrk til sýslunefndar, til að kenzla í sundi geti farið fram í hreppnum á næsta vori.

VII. Póstafgreiðsla í Haganesvík. Samþykt var að ~~skrifa~~ óska þess, að Sýslunefnd skoraði á lands=stjórnina að setja á stofn póst=afgreiðslu í Haganesvík, strax á næsta vori og væntir fundurinn að Sýslunefnd mæli sem bezt með þessari beiðni.

VIII. Bryggjumál á Sauðárkróki
Fundurinn samþykkir, að svo fram=arlega, sem beiðni um tillag frá Sýslusjóði ~~t~~ til bryggjubyggingar á Sauðárkróki kemur fram á næsta Sýslufundi, þá neitar hann fyrir Holtshrepps hönd að taka nokkurn þátt í þeim útgjöldum sýslunnar.

IX. Símastöðin í Haganesvík.
Þar sem Sigurður Fanndal fer frá því starfi ~~sem~~ ~~stöð~~ ~~vör~~, þarf að fá annan mann til að starfrækja stöðina. En þar sem stöðin er als ekki í þessum hreppi, þá álítur fundurinn, að Haganeshrepp=ingum beri að ráða nýjan starfrækslu mann og semja við hann að öllu leyti.

X. Fundurinn lætur í ljósi það á=lit sitt að umferða mælingamann frá hálfu Ræktunarfélagsins hafi gjört gott gagn tvö fyrir farandi ár og óskar, að samvinna við Ræktunarfélagið geti haldið áfram á sama grundvelli og verið hefir nefnd tvö ár.

XI. Steinn bóndi á Stórahalti fer þess á leit að hreppsbúar leyfi sér að ~~loka~~ setja grind á brúna yfir Fljótaá á næsta vori, var þessi beiðni í einu hljóði samþykt, þó með því skilyrði, að grind þessi gjöri ferðamönnum svo lítinn farartálma sem mögulegt er.

XV. Oddviti fór þess á leit, að hreppurinn gengi í ábyrgð fyrir sig á láni 2–300 kr., er hann hefir hugsað sér að fá að láni úr Ræktunarsjóði Íslands á næsta ári, ef það fengist þar. Láni þessu ætlar hann að verja til að kaupa sláttuvél. Ábyrgðarbeiðni þessi var samþykt með þeim skilmálum, að hann setti hreppnum þá endurtryggingu, er hreppsnefnd tekur gilda.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Fundargjörð lesin og samþykt.

Jóh. Friðbjarnarson (oddviti)

Guðm. Davíðsson (skrifari)

Árið 1915, þann 30. Janúar. var al=
mennur bændafundur haldinn á Stóra-
holti að viðstöddum fjölda bænda.
Þetta var tekið fyrir á fundinum:

I. Oddviti las upp styrktarsjóðsskýrslu
og leitaði álits manna um það, hvort
hún væri rétt samin. ~~Enginn~~ Enginn gáfu sig
fram, með leiðréttingar.

II Veruostaðir og meðlög ómaga næsta far=
dagaár:
~~1. Jóhanna Bjarnadóttir á Deplum~~

1. ~~2.~~ Aldís Pétursdóttir á Gautastöðum.
Ólafur á Gautastöðum neitar að hafa
hana næsta fardagár; en þar sem enginn
gefur sig fram til að taka hana, er
hún óráðstöfuð í bráðina.

2. Jóhanna Bjarnadóttir á Deplum.
Fer til Jóns G. Jónssonar á Tungu með
Kr. 60.00. Þó setur hann það upp, að
ef hún fer í rúmið hækki meðlagið
eitthvað tiltölulega og sömuleiðis
setur hann upp að með ál handa
henni, ef með þarf, borgist af hreppnum.

3. Einar Jónsson á Brúnastöðum;
líður óráðstafaður fyrst um sinn, vegna
þess, að Sveinn húsbóndi hans neitar
að hafa hann og enginn býðst til að taka
hann.

4. Kristján Símonarson á Sléttu.
Óráðstafaður fyrst um sinn.

5. Sofia Jónsdóttir á Reykjarhóli. Verður
kyr með 50 króna meðlagi, auk læknis=
hjálpar og meðala ef með þarf.

6. Ingimar Sölvason á Minnaþverá.
Húsbóndi hans er ekki staddur á fund-
inum. En búist er við, að hann verði
kyr. Meðlag ótiltekið.

7. Jón Magnússon í Flatey, gamalmenni,
sem á hér hrepp og fluttur verður hingað
á vori komanda. Enginn gaf sig fram
um að taka hann og er hann því óráð=
stafaður sem stendur.

III. Oddviti las upp bréf frá Ugjargráta-
stjórn Íslands, þar sem leitað er álits
hreppsstjórnar ~~búa~~ um frumvarp til laga um
breyting á ~~lögunum~~ bjargráðalögunum
þannig að tillög hreppanna sé og verði
séreign hreppanna að öllu leyti, en lands-
tillag til bjargráðasjóðsins verði sameigin-
legt eign alls landsins. Málefni þetta
er alveg nýtt fyrir allan fjölda hreppsbænda

og geta menn því ekki áttað sig á því sem stendur. Bíður það mál óútkljáð fyrst um sinn.

IV. Talað var um kaup handa fordæðslu=mönnunum. Fordæðslumennirnir settu upp 2 krónur á dag hver og var það kaup samþykkt af öllum. Steinn á Holti óskaði eftir lausn frá starfinu, en þar sem enginn bauð sig fram til að taka starfa hans að sér, verður hann áfram við starfið til vorsins.

V. Refaeyðing. Samþykkt var að eitra fyrir refi seinna í vetur, ef eitur fæst.

VI. Vegamál. Samþykkt var að sækja um 500 krónur úr Sýslusjóði til áfram=halds á Hrauna veginum gegn 100 kr. tillagi frá hreppnum. Stungið var uppá því, að hver búandi legði fram eitt dagsverk borgunarlaust í Hrauna veginn. Tóku allir vel í það og 25 manns lofaði þessu. þar af 6 með spurningu.

VII. Sundkensla. Ákveðið að sækja um styrk úr Sýslusjóði til sundkenslu á næsta vori í hlutfalli við aðra hreppa, er sundstyrks njóta.

VIII. Kosinn var Jón G. Jónsson, bóndi á Tungu til að fara út í Ólafsfjörð til að mæta þar á miðsvetrarfundi til að styðja þá málaleitun hrepps=búa, að Ólafsfirðingar gengu á hverju hausti Vestur-Lágheiði inn að þrasastöðum.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð lesin og samþykkt.

Jón Friðbjarnarson oddv.

Árið 1916, þann 16. Febrúar, var
almennur hreppsfundur haldinn á Stóra
Holti, að viðstöddum fjölda kjósenda.
Þetta var tekið fyrir á fundinum:
1. Lesin upp á fundinum Alþýðu=
styrktarsjóðs skýrsla og tekið á móti
athugasemdum við hana.
2. Verustaðir og meðlög ómaga.
a. Aldís Pétursdóttir Hraunastöðum.
Óráðstöfuð í bráð.
b. Jóhanna Bjarnadóttir Tungu.
Verður kyr með sama meðlagi Kr. 60.00
og annars sömu skilyrðum og ákveð=
ið var í fyrra.
c. Sofía Jónsd. Reykjarhóli. Þar sem
enginn gaf sig fram til að taka hana,
er hún óráðstöfuð í bráð. Páll á Hóla=
koti bauðst til að taka hana fyrir
60 kr. ef hún fengist til að fara til
hans með góðu.
d. Ingimar Sölvason Minniþverá.
Verður kyr með Kr. = 60.00
e. Jón Magnússon á Hraunum.
Verður kyr með Kr. = 70.00
f. Þórey Jóhannsdóttir Sléttu.
Pétur Jónsson húsbóndi hennar tekur
með henni 20 kr. yfirstandandi far=

daga ár. Fer í Stóra=Holt með=
gjafarlaust. En bregðist heilsa hennar
til hins lakara, er óumtalað meðlag
hennar. Ofannefndar 20 kr. eru ekki
taldar sem þátttökustyrkur; heldur
voru þær veittar henni úr ellistyrkt=
arsjóði; og gaf hún því sjálf með sér.
3. Lesið upp bréf um kosningar til Alþingis.
4. Talað um forðagæslu.
Mál þetta var talsvert rætt og var al=
mennt álit manna, að það fyrirkomu=
lag sem nú er á forðagæslunni sé
ekki svo æskilegt sem vera ætti og
áskuldu menn fremur að þeim regl=
um, sem áður var fylgt – einni
skoðun á vetrinum*. Annars verður
endanleg atkvæðagreiðsla geymd
um þetta mál þangað til síðar og
ákveðið að framfylgja nú gild=
andi lögum um forðagæslu**.
5. Oddviti ~~hreyfði~~ hreyfði því að æskilegt
væri að hægt væri að skapa Spari=
sjóð innan Fljótanna og mætti
það mjög góðum undirtektum. Eftir
dálitlar umræður var samþykkt að
kjósa fimm menn í nefnd til að
undirbúa málið, 3 úr austurhrepn=
um og tvo úr vesturhreppnum.
Kosnir voru úr austurhreppnum:
Sr. Jósef Jónsson Hraunum

*Yrði komið á aftur.
** til vorsins

Jóhannes Friðbjarnarson Halli
Guðm. Davíðsson Hraunum.
Að vestan:
Páll Árnason Ysta Mói
Konrl. Þorst. Vík.

6. Samþykt var að óska þess, að Sýslufundur vildi mæla fram með því, að landstjórnin legði til alt að 400 kr. til aðgjörða á Siglufjarðarskarði á næsta sumri. Í sambandi við þetta var samþykt að óska þess að sýslunefndin gengist fyrir því að landsverkfræðingur sá, er um vegi landsins fjallar sé látinn skoða veginn á Siglufjarðarskarði, ef tiltækilegt væri að leggja veginn annarstaðar en þar sem hann nú er til þess að hægt væri að forðast ánenski og áhrun, sem nú stórskemmir veginn árs árlega.

7. Vegir innanhreps.

A. Kom fram uppástunga um það, að æskilegt væri, að koma vegum hér í hreppnum í betra horf, en nú er — að allega á þeim grundvelli að reyna að fá fé úr landsjóði til vegalagningar eftir endilöngum hreppnum gegn tilhöfulegum ~~til~~ framlögum heiman úr hreppnum. Til þess að hrynda þessu máli í framkvæmd voru kosnir þrír menn í nefnd og hlutu kosningu:
Jón G. Jónsson á Tungu
Sigurjón Sigtryggsson Skeiði
Guðm. Davíðsson á Hraunum

B. Sýsluvegir.
Samþykt var að sækja um 600 kr. til Sýsluvega í hreppnum — Hraunabrautar — gegn 200 kr. heimanað, en fáist ekki nema minna, þá að lofa tilhöfulega minna heimanað.

8. Sundkensla.
Samþykt var að sækja um 50 kr. úr Sýslusjóði.

9. Samgöngur á sjó.
Samþykt var svo hljóðandi tillaga:
Fundurinn skorar á Sýslunefndina að beitast fyrir því, að Strandferðum verði haldið uppi milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar á n. k. sumri, þótt

ekki væri nema með t. 12 tonna vélar-
bát, svo og að þær hafnir, sem
annars mundu útilokaðar frá
strandferðum íslenzku eimskipa-
anna, svo sem Hafnarnesvík, Bæjar-
klettar og Kolkuós, yrðu í hverri
ferð fram og aftur á áætlun
slíks báts og virtist sanngirni
mæla með því að þær hafnir sitji
fyrir flutningsrúmi bátsins, ef
til kæmi.

10. Dýralækningar. Jón G. Jónsson á
Tungu hóf máls á því, að nauðsyn
bæri til þess, að einhver maður
úr hreppnum færi til dýralæknis
í þeim erindagjörðum að komast
niður í dýralækningum. Mál þetta
fékk góðar byr. Páll B. Skram á Skóru-
brekku gaf kost á sér til þessa náms,
en að svo stöddu var boði hans ekki
tekið heldur var hreppsnefndinni
falið á hendur að leita hófanna
við fleiri til þessa starfa; en
jafnskjótt og búin er búin að velja
manninn er búist við að málið
fái framgang til framkvæmda.

11. Fræðslumál.
Komu ýmsar umkvartanir fram
um það, að kensla sú, er kennarinn
– Jóhannes Friðbjarnarson – gæti
innt af hendi væri ófullnægjandi
fyrir allan hreppinn – vegna tíma-
leysis. Út af þessum umkvörtunum
var það samþykt að reyna að útvega
einn eða tvo aukakennara þann
tíma sem eftir er vetrarins.

12. Hreppsnefndar kosning:
Oddviti hafði ætlað sér að láta kjósa
3 hreppsnefndarmenn til að gegna
hreppsnefndarstörfum til næstu 6
ára frá næstk. fardögum, en vegna
ýmsra agnúa á kosningunum þá er
máli þessu frestað. En gjört er ráð
fyrir að kosningin fari fram áður
en menn fara til skipa.

13. Refaveiðar. Samþykt var að eitra
ekki fyrir refi á yfirstandandi vetri.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð lesin og samþykt.

Jóh. Friðbjs. oddv.
Guðm. Davíðsson

Árið 1916, þann 20. Mars, var al=
mennur fundur haldinn á Stóraholti
til að kjósa 3 menn í hreppsnefnd, í
stað þeirra Jóhannesar Friðbjarnar=
sonar, Jóns G. Jónssonar og Sigur=
björns Björnssonar. Hreppsnefnd
hafði komið sér saman um, að láta
leynilega kosningu fram fara.
Formaður las kosningalögin upp fyrir
kjósendunum áður en kosninga athöfn=
in fór fram og skýrði fyrir þeim
athöfnina svo vel sem þótti viðþurfa.
Þá fór kosningin fram eins og lög
ákveða. — Að því loknu voru atkvæð=
in talin saman, af kjörstjórninni.
Kom þá upp, að 34 kjósendur höfðu
greitt atkvæði. Af ~~þessum~~ 34 miðum
urðu tveir ógildir vegna kosningargalla.
Þá er lokið var að telja saman at=
kvæðin kom það fram, að kosn=
ingarnar höfðu farið svo, að

Jóhannes Friðbjarnarson á Stóra=
Holti var kosinn með 38 atkvæðum,
Sigurður Kristjánsson á Háakoti
með 17 atkvæðum, og Guðbrandur
Árnason á Saurbæ, með 22 atkvæðum.
Fleira kom ekki, til ~~um~~=
starfa á kosningarfundinum.
Þess skal getið að hreppsnefnd
hafði kosið úr sínum flokki
kjörstjórn auk oddvita, þá
Jón G. Jónsson á Tungu, og
Guðm. Stefánsson Minnibrekku.

J. G. Jónsson Guðm. Stefánsson

Jóhannes Friðbjarnarson

Árið 1916, þann 20. Mars var haldinn
almennur fundur á Stóra-Holti, á
eftir kjörfundinum. Þetta kom til
tals:
Sofia Jónsdóttir á Reykjarhóli
var komin fyrir hjá Jóhanni Benediktss

kýr á Minni-Brekku með 55 króna
meðlagi, auk meðalakostnaðar og
læknishjálpar — ef hún þarf þess með.
Fleira kom ekki til samþykktar.

Jón Friðbjarnarson oddv.

Guðm. Davíðsson.

Árið 1915, þann 18. Maí, var almennur
bændafundur haldinn að Stóraholti
til að ræða um skepnuhöld í hreppnum,
og fóðurbyrgðir; ennfremur til að
ræða um útgönguvegi úr þeim
vandræðum. Fundurinn var haldinn
samkvæmt fundarboði frá oddvita
hreppsins.

Nýafstaðnar skoðanir fóðurbirgða
í hreppnum báru það með sér, að
þar eru langsamlega of litlar hvað
heyskort. Eru mjög fáir aflögufærir
og jafnvel þrátt það hey fengist, ~~fást~~
til þeirra, sem vantar fóður, þá er
samt fyrirsjáanlegt bjargarleysi fyrir
skepnur manna, ef þessari tíð heldur
lengi áfram — og jafnvel hvort sem er.
Þetta var ákveðið til að reyna að forða
sveitarfélaginu við skepnufelli:

1. Að kaupa kornmat af Hartmanni
kaupmanni á Kolkuósi — alt að
40 tunnum — helst rúg og rúgmjöl
eingöngu; en ef þær tegundir matar
fást eigi eingöngu þá bankabygg og
hafrámjöl að einhverju leyti. Matur
þessi skal keyptur uppá ábyrgð
hreppsins og borgast af hlutaðeigend=
um í kauptíð í sumar, ef seljandi
vill bíða svo lengi með borgunina.
En vili hann heimta borgunina
fyr, á að hafa einhver ráð með borgun=
ina á þeim tíma sem hann heimtar.
Hreppsnefndin tekur að sér innheimtu

matarverðsins hjá hlutaðeigendum, á sínum tíma. Páli bónda Jónssyni á Illhugastöðum er falið að panta matinn og útvega flutning á honum við allra fyrstu hentugleika.

2. Hreppstjóra og oddvita var falið að reyna, að fá þá, sem heyið eiga aflögu ~~að~~ til að láta afgangsheyið af hendi gegn endurgjaldi, til þess að sveitin mætti bjargast af án þess að fellir yrði. Þetta skal gjörast sem allra fyrst að hægt er.

Fleira kom ekki til samþyktar.

Fundargjörð lesin og samþykt.

Jóh. Friðbjarnarson oddv.

Guðm. Davíðsson.

Sunnudaginn þann 27 ágúst 1916, hélt hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér, að Saurbæ, til þess að jafna niður göngum á afrétt og heima land, með fleira.

Allir hreppsnefndar mennirnir voru mættir á fundinum. Þetta kom til umræðu.

1. Jafnað niður fjallskilum á Stífla afrétt.
2. Til nefndir menn að hirða fé í öðrum réttum, Svarfaðardal og Flóka dal.
3. Til nefndir gangna stjórar á afrétti inni og öllum heima löndum.
4. Óskað eftir fullgildum mönnum til gangna
5. óskað eftir aðgerð á réttinni fyrir réttar dag

6. Samþikt að fresta göngum um eina viku og byrja heima lands göngur á mánudaginn í 22 viku sumars og afréttar göngur þriðjudaginn næstan eftir.
7. Kosinn hreppsnefndar oddviti til næstu 6 ára Jóhannes Friðbjarnarson
8. Kosinn maður í sjúrstjórn til næstu 6 ára, hlaut kosningu Páll Jónsson á Illhugastöðum.

Oddviti gerði þá fyrir spurn til nefndarinnar, hvort hann ekki mætti reyna að innkalla eitthvað af gömlum útistandandi skuldum og hvort hann ekki mætti gera samninga þar að lútandi, þó hann þyrfti að gefa eftir nokkurn hluta þeirra. Samþikti nefndin þá uppástungu í einu hljóði.

Fleira kom ekki til tals á þessum fundi. Fundargerð upplesin og samþykkt

P.t. Saurbæ 27 ágúst 1916

Jóhannes Friðbjarnarson (oddv.)

Laugardaginn þann 18. nóvember 1916, var hreppsnefndar fundur haldinn að Saurbæ, í Holtshreppi, til þess að jafna niður á hreppsbúa útgjöldum hreppsins og fleira. Allir nefndarmenn voru mættir á fundinum. Þetta var tekið fyrir á fundinum.

a. Skift elli styrk hreppsins, og var þessum mönnum úthlutaður styrkurinn.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Ingibjörg Sveinsdóttir Bjarnargili | Kr | 25,00 |
| 2. Þórey Jóhannsd. Reykjarhóli | = | 20,00 |
| 3. Bergur Jónsson Hólum | = | 20,00 |
| 4. Guðrún Jónatansd. Hunstöðum | = | 20,00 |
| 5. Hólmfríður Magnúsd. Skeið | = | 25,00 |
| 6. Björn F Schram Steinbrekku | = | 20,00 |
| Samtals | = | 130,00 |

B. Jafnað niður útsvörum Kr. 2043,00

C. Kosinn varaoddviti í hreppnum og hlaut kosningu Guðm. Stefánsson á Minnibrekku.

D. Kosinn endurskoðandi hreppsreikningsins

fyrir árið 1915–1916 hreppstjóri Guðmundur Davíðsson á Hraunum.

Útaf umleitan Jóns Sigurðssonar á Illugastöðum um undirgift undir heyskap í Hólum, ákvað hreppsnefndin að greiddir yrðu 35 aurar, undir hvern heyhest.

Talað var og um, að ráðstafa yrði Bergi í Hólum og fjölskyldu hans, þar sem auðséð væri að hann ómögulega gæti þar verið í vetur. Ekkert fast ákveðið um það frekar, þá í bili. Fleira kom ekki til umræðu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Saurbæ 18. nóvember 1916

Jóhannes Friðbjarnarson
oddv.

Árið 1917, þann 17. d. Febr. var almennur bændafundur haldinn á Stóra hóli, að viðstöddum fjölda bænda. Fundarstjóri var sjálfkjörinn oddviti Jóhannes Friðbjarnarson og skrifari Guðm. Davíðsson. Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Oddviti hreyfði því hvort ekki myndi verða heppilegra framvegis að breyta til um innheimtu verkþorragjalds framvegis þannig, að menn borgaði hreppsvegagjald sitt framvegis beint til hreppsins í peningum í stað þess að inna gjaldið af hendi með vinnu.

Samþykkt var með miklum yfirgnæfandi meiri hluta að breyta innheimtunni á þann hátt að verkþorragjöld í hreppnum borgist í peningum fyrst og fremst, til eins árs – þ.e. yfirstandandi ár.

Ennfremur var samþykkt, að hreppsvegagjald yrði 3 kr. þetta ár.

2. Vetrarhættir og meðlög ómaga:

a. Aldís Pétursdóttir á Gautastöðum. Fer að Brúnastöðum með 1 kr. meðlagi á dag, svo framarlega sem hún komist ekki niður annarsstaðar með lægra

meðlagi. Þess skal getið, að margir þeirra, sem á fundinum voru buðust til að taka hana fyrir ekki neitt tíma og tíma, svo framarlega sem hún færi til að ganga þannig á milli manna.

B. Jóhanna Bjarnadóttir Tungu.
Verður kyr með Kr. = 90.00
en annars með sömu skilyrðum og ákveð=ið var ~~...~~ á fundi 30. Janúar 1915.

C. Sofía Jónsdóttir ~~Stóru~~ Minni Brekku.
Verður kyr hjá Jóhanni Benediktssyni að 1/2 með 45 krónum og að 1/2 hjá Bjarna Jónssyni á Minniþverá með 40 Kr.

D. Ingimar Sölfason á Minniþverá; verður kyr meðgjafarlaust.

E. Jón Magnússon Hraunum. Óráðstaf=aður um sinn.

F. Kristján Símonarson: Fer að Hólakoti með 64 aurum á dag. Margir lofuðu, að taka hann tíma og tíma fyrir ekki neitt; en framannefndir 65 aurar mið=ast við þann tíma, sem hann verður á heimilum fram yfir loforð.

G. Guðmundur Bergsson 1 árs. Óráðstaf=aður um sinn.

3. Bergur Jónsson frá Hólum; nú á Sléttu.
Verður kyr. Hreppsnefndin og hús bóndi Bergs koma sér saman um meðgjöf og verð á munum Bergs, á sínum tíma.

4 Fundarhússbygging. Málið var tals=vert rætt og síðan var stungið uppá 5 manna nefnd til að íhuga málið og hlutu kosningu:
Guðm. Ólafsson á Holti
Guðm. Davíðsson á Hraunum
Jóhannes Friðbjarnarson Holti
Jón G. Jónsson Tungu
Guðm. Stefánsson Minnibrekku.
Nefndin skal hafa lokið starfa sín=um fyrir lok Marsmánaðar og skal þá aftur haldinn almennur fundur um málið.

5. Markaskrá. Samþykkt var, að fara fram á það að viðbætir og leiðrétt=ingar við markaskrána séu settu verði prentað og það svo snemma, að viðbætir þessi komist í sveitirnar fyrir réttagöngur.

6. Lesin upp Styrktarsjóðs skýrsla og tekið á móti athugasemdum við hana.

7. Samgöngur á sjó. Samþykkt var:

með öllum atkvæðum að samskonar tillaga og samþykt var á fundi 16. Febr. 1916.

8. Sýsluvegir. Samþykt var að sækja um allt að 400 kr. til Heraðsbrautar, gegn 150 Kr. heiman úr hreppnum.

9. Sundkensla. Samþykt var að sækja um 50 Kr. til sundkenslu í hreppnum á næsta vori.

10. Siglufjarðarskarð. Samþykt var að sækja um 400 kr. til aðgjörðar á Siglufjarðarskarði og óskað meðmæla sýslunefndarinnar til landstjórnarinnar að um, að þetta mál mætti framgang fá; og ennfremur að landsverkfræðingur 1)

11. Refaveiðar. Þar sem nú til margra ára engin tóa hefir sézt, eða á annan hátt orðið vart við refi, var samþykt, að eitra ekkert fyrir tóur á þessum vetri.

12. Kynbætur. Hafið var máls á því, að nauðsyn bæri til þess, að bæta kynferði búpenings sveitarinnar, á öllum sviðum.

1) skoði: skarðið á næsta sumri

Var talsvert rætt um málið og að því loknu var kosin 7 manna nefnd í málið, og hlutu kosningu þessir menn:

Páll Jónsson Illugastöðum,
Guðm. Bergsson Þrasastöðum,
Sigurjón Sigtryggsson Skeiði,
Hjörleifur Jóhannsson Knappstöðum,
Jón G. Jónsson Tungu,
Guðm. Ólafsson Stóraholti,
Sigurður Kristjánsson Lundi.

Skal þessi nefnd hafa lokið störfum sínum á sama tíma og húsbygginganefndin. og skal málið tekið fyrir á sama fundi og húsbyggingamálið.

Fundargjörð lesin og samþykt.
Fundi slitið.

Jóh. Friðbjarnarson oddv.
Guðm. Davíðsson.

Sigurður Kristjánsson á Lundi tekur Jón M. Hraunum næsta ár 1917 með kr. 150.00

Jóh. Frs. oddv.

Árið 1917 þann 26 Febrúar m. hélt nefnd sú, sem kosin var á síðasta hreppsfundi, í hús-byggingarmálið, fund með sér, að Stóraholti. Allir nefndarmenn mættu, að einum undanskyldum hreppstjóra Guðmundi Davíðssyni Hraunum, sem þó var fjærverandi.

Formaður nefndarinnar var kosinn Guðm. Ólafs bóndi á Stóraholti og skrifari Jóh. Friðbjarnars. bóndi s. st.

Fyrsta og eina mál nefndarinnar á dagskrá var húsbyggingarmálið. Málið var tekið til rækilegrar yfirvegunar, og rætt töluvert mikið og athugað frá ýmsum hliðum.

Allir nefndarmenn voru sammála um, að nauðsyn bæri til, að byggja tvö hús í hreppnum, bæði til skólahalds og fundahalda.

Þessar eru aðallega tillögur nefndarinnar

1. Að bæði húsin verði byggð úr steini, að svo miklu leiti sem unt er.
2. Stungið upp á því, að leita hjálpar samskota í hreppnum, til bygginganna, þannig, að hver búandi eða hvert heimili leggi fram 2–4 dagsverk og að þau dagsv. séu unnin til þess að taka upp grjót, flytja að efni og fleira
3. Að á undirbúningi til bygginganna verði byrjað hið allra fyrsta, og ekki seinna en á næsta hausti, með því þá að taka upp grjót og aka því á til tekinn stað að vetrinum, grafa fyrir undirstöðu og fl., því ætlast nefndin til að ekki verði lagt í lántöku eða kaup á byggingarefni að svo stöddu, eða meðan sú dýrtíð stendur yfir sem nú er, en að unnið verði að því fyrst, svo mikið sem hægt er, án beinna peninga útláta fyrir hreppsbúa.
4. Að húsið hér í niðri Fljótunum standi sem næst Stóraholti og húsið í Stíflu sem næst Nefstöðum.
5. Að gerðir yrði samningar við jarðareigendur um grunnleigu og fl. helst í eitt skifti fyrir öll.
6. Stærð húsanna álítur nefndin sem næst hæfilega þessa. Stífluhúsið 7×7 og Holtshúsið 10×9

Getið var þess, að þegar hefði verið lofað nokkrum samskotum í Stíflu og álítur nefndin rétt, að byrjað yrði á framkvæmdum þar, með þeim efnum. Telur nefndin vonandi að hjálparsamskot fáist hér að neðan verði líka, til að byrja með.

Fleira var ekki rætt.

Jóh. Friðbjarnarson

Þann 7. apríl 1917 kom hreppsnefnd Holtshr. saman að Saurbæ, til þess að ræða um ýms málefni hreppnum viðkomandi.

1. Var rætt um hrútasýninguna nú á næsta hausti. Oddviti las upp bréf frá sýslum. um tilboð frá Búnaðarfélagi Íslands, þar sem það býðst til að leggja fram 15 kr. til hrútasýningar í hreppnum gegn minnst sama tillagi frá hreppnum, og jafnframt að senda mann á sýninguna til að dæma um og verðlauna. Nefndin ályktar að hreppurinn sinni þessu tilboði og leggi fram til verðlauna kr. 20.00

2. Rætt um sundkenslu á næsta vori. Oddviti las upp bréf frá sýslum. sem tilkynnir að síðasti sýslufundur hafi veitt kr 50,00 til sundkenslu í hreppnum á næsta vori. Nefndi sér sér ekki fært að svo stöddu að ráða máli þessu til lykta, meðan ekki er hægt að vita um sundstaði, eða semja við ábúanda eða vita hve margir mundu vilja taka þátt í náminu. Ráðið að láta bréf ganga um hreppinn til þess að þeir skrifi sig á það, sem ætla sér að taka þátt í sundinu og nota kensluna.

3. Guðm. litla Bergssyni frá Hólum ráðstafað, þannig að Pétur B. Koti tekur hann eftirleiðis, með því skilyrði að hann fái kúna með drengnum.

og lofar Pétur að halda drenginn, að minsta kosti meðan kýrverðið hrekkur fyrir með gjöfinni.

4. Talað um veru Bergs heitins á Sléttu. Lagði Pétur fram reikning yfir legukostnað, meðöl, útfararkostnað heyflutning og skepnuhirðing í vetur, og hljóðaði sá reikningur uppá kr. 360,00. Uppí þetta fær Pétur eina hryssu rauða á kr. 300.00
og mjólk fyrir — = 60,00
360,00

og kvittast legukostnaðurinn hér með. ýmislegt fleira var rætt um dánar reitur þær sem til eru

a. Skrifaðar upp reitur þær sem til eru og ákveðið að geyma þær til vors og láta bjóða það upp í vor á hreppsk.

b. nefndin selur Pétri á Sléttu 1 gemling á kr 30.00
og eina tó klifa og olíudunk á kr. 8.00
alls = 38.00
sem P. lofar að borga fyrir 30. júní næstkomandi. Þessi upphæð skal ganga uppí eftirgjald af Hólum. Fleira kom ekki til tals.

Jón Friðbjarnarson oddv.

Guðm Stefánsson

Sigurður Kristjánss

Hróðleifur B Jóhannsson

Ísidór Árnason

Föstud. 23. nóvember 1917 kom hrepps-nefndin í Holts hreppi saman, að Hólum, til þess, að jafna niður útgjöldum hreppsins, á gjaldendur. Jafnað var niður als kr. 2180.00 e.a. Úthlutað var ellistyrk hreppsins og hlutu þessir menn styrkinn, sem var að upphæð kr 145.00.

1. Guðrún Jónatansd. Nefstöðum kr. 25.00
2. Gunnlaugur Jónsson Hvammi = 25.00
3. Guðm. Jóh.son ~~Bakka~~ = 20.00
4. Jórunn Ingimundard. Minnib. = 20.00
5. Björn F. Schram Strönbr. = 20.00
6 Sigurbjörg Guðm. d. Fellkoti = 35.00

als = 145.00

Rætt var um að láta fram koma búfjár skoðun í hreppnum, nú í haust, vegna þess, hve vetur byrjar snemma og nefndin er hræddur við slæman ásetning hjá ýmsum hreppsbúum, en engin úrráð með skepnu fóður, ef illa fellur í vor. Rætt var um að taka lán fyrir hreppinn, fyrir ógreiddar landssjóðsvörur, ef oddvita sýndist á þjá kvæmi legt. Fleira kom ekki til bókunar. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Hólum 23 nóvemb 1917

Jóhannes Friðbjarnarson oddv.

Mánud. 7. janúar 1918 boðaði oddvitinn í Hallbstr. hreppsnefndina á fund að Hólum, og var það í tilefni af útsvars kæru Jónasar bónda Jónassonar að Nefstöðum. Á fundinum mættu 4 nefndar menn, auk kæranda. Til samanburðar tók kærandi hrepps-nefndarmann Sigurð Kristjánsson á Lundi ~~og var hann ekki mættur.~~

Samkvæmt kærunni fór kærandi fram á að útsvar Sigurðar hækkaði um kr. 15.oo, en sitt stæði í stað, svo það útsvar kæranda hækki um kr. 10.oo en sitt um kr. 6.oo

Eftir nokkrar umræður varð það að samkomulagi að útsvar Sigurðar hækkaði um kr. 7.oo, úr kr. 30.oo í kr. 37.oo, en útsvar Jónasar standi í stað kr. 52.oo.

Hraft var útsvari Jónasar bónda á Molastöðum, þar sem hann fer fram á lítils háttar lækkun, þar sem hannum finnst sér gert rangt til í samanburði við aðra, með svipuðum ástæðum.

Nefndin kom sér saman um að færa útsvarið niður um kr. 5.oo, niður í kr. 22.oo, úr 27.oo. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Hólum 7. janúar 1918

Jóh. Friðbjarnarson oddv.

Guðbr. Árnason

Guðm. Stefánsson

Sigurður Kristjánsson

—

Árið 1918, þ. 16. Febr. var almennur hreppsfundur haldinn á Stóra-Holti, að viðstöddum fjölda bónda.

Oddviti stýrði fundinum, og kaus hann til skrifara Guðm. Davíðsson á Hraunum.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Lesin upp Skógræktarsjóðs skýrsla

og tekið á móti athugasemdum við hana.

2. Talað um verustaði ómaga:

A. Aldís Pétursdóttir:

Verður kyr í Tungu með sama meðlagi og var s.l. ár = 1 kr. á dag.

B. Jóhanna Bjarnadóttir:

Verður kyr í Tungu, með sama meðlagi og var s.l. ár eða Kr. = 90.00, en annars með sömu skilyrðum og tekið er fram í fundargjörð 30. Janúar 1915

C. Sofía Jónsdóttir:

Fer að Skeiði með 80 kr. meðlagi, eða að Nefstaðakoti, ef hún vill það heldur, með sama meðlagi Kr. = 80.00

3. Lesnar upp kröfur um styrk frá hreppnum frá öðrum hreppum

1. Bjarni Gíslason á Siglufirði,
2. Árni Magnússon á Hjalteyri,
3. Guðjón Jóhannsson (Garðskörni?)

í Kræklingahlíð.

Út af kröfum þessum var samþykt, að reyna að fá Bjarna til að borga sjálfur sinn styrk, heimta Árna Magnússon hingað vestur með fjölskyldu sinni, en viðvíkjandi Guðjóni var ekkert samþykt.

4. Talað um dýrtíðarlán fyrir hreppinn, fyrir landsjóðs vörur. Eftir nokkrar umræður var samþykt, að taka alt að 4 þúsund króna lán í Sparisjóði Sauðárkróks, til að borga með landsjóðsvörur þær, er síðast komu hingað í hreppinn. Lántakandi verður oddviti Jóh. Friðbjarnarson, en ábyrgðarmenn lánsins eru þessir bændur.
Guðbr. Árnason á Saurbæ
Guðm. Stefánsson á Minnibrekku
Sig. Kristjánsson á Dælu
Hjörleifur Jóhannsson Knappstöðum,
Jón G. Jónsson á Tungu
Sveinn Arngrímsson á Brúnastöðum.
Ákveðið er að taka lánið til 8 mán.

eða til Októbermánaðarloka. Hver sá, er skuldar fyrir vörur, skal undirrita ábyrgðarskjal, þar sem hann tryggir hreppnum, eða þeim, sem aðallega eru við að ab-lánið riðnir (lántakanda og ábyrgðarmönnum) fulla greiðslu skuldar sinnar, með vöxtum, fyrir Septemberlok n. k.

5. Lesin upp „Reglugjörð um sölu og úthlutun matvöru, sykurs o. fl.

6. Fóðurbyrgðaskoðun: Samþykkt var, að skifta skyldi hreppnum í 3 deildir. Skoðunarmenn skoða fyrir ekki neitt og eru þessir:
 1. Páll Jónsson á Illugastöðum og
 2. Sveinn Arngr. á Brúnastöðum
 á partinum – Hraun – Hvammur.
 3. Jón G. Jónsson Tungu og
 4. Sig. Kristjánsson Sundi
 á partinum Hlíðarhúsum – Gautastaðir.
 5. Jónas Jónasson á Molastöðum og

á partinum Skeið – Slétta.

7. Samgöngur á sjó. Sýslunefndarmanninum var falið, að sjá um svo sem hann frekast getur að við Fljótamenn verði ekki afskiftir skipa eða bátaferðum, ef nokkuð greiðist fram úr samgöngumálunum á Sýslufundi.

8. Sýsluvegir: Samþykkt var að sækja um 400 kr. úr sýslusjóði til Hraunabrautar gegn 150 kr. heimanúr hreppnum.

9. Sundkensla: Samþykkt var að sækja um 50 kr. til sundkenslu í hreppnum á næsta vori.

10. Siglufjarðarskarð. Samþykkt var áskorun til Sýslufundar sem að hún skori á landsstjórnina að láta gjöra við veginn á Skarðinu á næsta sumri, þar sem sá vegur er með öllu ómögulegur á stórumpörtum en þó nauðsynlegur fjölfarnastur fjall-

vegur á öllu Norðurlandi.

11. Fjallskilamál:
Lesið upp bréf frá Páli bónda Skram á Stórubrekku um það, að sér hafi verið gjört rangt til í fjallskila=málum, og var samþykt út af því, að vísa málinu til Sýslufundar.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð upplesin og samþykt.

Jóhannes Friðbjs. oddv.
Guðm. Davíðsson

Þann 25: nóvember árið 1918, kom hreppsnefndin í Hólts hreppi saman á fund, til þess að jafna niður útgjöldum hreppsins fyrir fardagaárið 1918 – 1919, ásamt ýmsu fleira. Þetta kom til athugunar og umræðu á fundinum. 1. oddv. lagði fram reikning hreppsins, fyrir árið 1917–1918 nefndinni til athugunar og umsagnar. Hafði hreppsnefndin ekkert við hann að athuga, en kaus til endurskoðara reikningsins hreppstjóra Guðm. D. Hraunum.

2. Lögð fram áætlun yfir tekjur og gjöld hreppsins fardagaárið 1918 – 1919. Samkvæmt áætlun þeirri sá nefndin sér ekki annað fært, en jafna niður á hreppsbúa kr. 2627,00.

3. Þá var jafnað niður ellistyrk í hreppnum. 13 umsóknir lágu fyrir frá ýmsum fátæklingum. Ellistyrk sá sem kemur til skifta nú í haust, er kr. 235.00 og hefir nefndin jafnað því þannig niður. — —

Þetta eru umsækendur og styrkþegar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Sigurbjörg Guðmundsd. Illugast. | kr. | 20.00 |
| 2. | Guðm. Jóhannss. s. st | = | ÷15.00 |
| 3 | Ólafur Jónsson Stóraholti | = | +15.00 |
| 4. | Sólveig Ásmundsd. Molastöðum | = | 20.00 |
| 5. | Arngrímur Sveinss. Hvammi | = | ÷15.00 |
| 6. | Gunnl. Jónsson Bakka | = | +15.00 |
| 7 | Ingibjörg Pétursdóttir Hunst. | = | 20.00 |
| 8. | Guðrún Jónatansdóttir Nefst. | = | 20.00 |
| 9. | Katrín Þorfinnsd. Grasast. | = | 20.00 |
| 10. | Anna Kristjánsd. Háakoti | = | ÷15.00 |
| 11. | Hólmfríður ~~Friðfinnsd.~~ Magnúsd. Skeiði | = | +15.00 |
| 12 | Jórunn Ingim. d. Minnibrekku | = | 20.00 |
| 13. | Björn F. Chram Stóribrekku | = | 20.00 |
| | | alls = | 235.00 |

Fleira kom ekki til bókunar, fundar gerð upplesin og samþykkt.

Hólum 25./11. – 1918

Jóh. Friðbjs.

Þann 13. janúar 1919 var útsvarskæru-
fundur haldinn að Stóraholti í
Holtshreppi. Var þá fyrst tekin til
umræðu kæra Hr. E. B. Guðmundss.
á Hraunum. Málið var rætt ítarlega,
og gat nefndin ekki fundið neina
ástæðu til þess að færa niður útsvarið
eða að hækka útsvör samanburðarmanna.
Var því kæran tekin út af dagskrá
er skyldi svo lögð fyrir næsta sýslufund.
Næst var tekin til umræðu útsvarskæra
Hr. Sveins Arngrs.s. bónda á Brúnast.
Var rætt um málið á ýmsar hliðar.
Skýringar komu engar fram frá
kæranda, gagnvart samanburðarm.
hans, svo að nefndin áleit að hún
gæti ekki gert breytingar við útsvarið.
Var því kæran tekin út af dagskrá
og jafnframt sætt á að málið félli niður.
Fleira ekki rætt. Fundargerð upplesin og samþ.

Jóhannes Friðriksson oddv.
Guðm. Stefánsson

Ár 1919, þann 22. Febr. var almennur bænda
fundur haldinn á Stóra-Holti, að viðstödd-
um fjölda bænda.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Lesin styrktarsjóðsskýrsla og tekið á
móti leiðréttingum við hana.
2. Lesið upp bréf frá Pálínu Guðmundsd. á
Akureyri, þar, sem hún fer fram á 100 kr.
árlegan styrk til meðalakaupa. Eftir
nokkrar umræður var samþykkt að bjóða hús-
bónda hennar Hallgrími Kráksyni 80 kr.
meðgjöf með henni árlega frá síðustu far-
dögum. Ella komi hún á sína sveit.
3. Talað um ómaga hreppsins:
a. Sofía Jónsdóttir. Verður kyr með 80 kr.
meðlagi — auk meðala.
b. Aldís Pétursdóttir } á Tungu.
c. Jóhanna Bjarnadóttir }
Búist er við, að báðir þessir ómagar
verði kyrrir á Tungu með svipuðu með-
lagi og ~~var~~ núver.
4. Talað um yfirsetukonulaun í hreppnum
næsta ár, eða frá næsta vori. Oddviti
lýsti yfir því, að Ingibjörg Arngrímsdóttir
hefði gefið kost á sér til að læra fyrir
hreppinn næsta vetur. Þar að auki hafði
heyrst að Guðbjörg í Hamri ~~[illegible]~~ myndi
vera fús á að læra yfirsetukvennafræði fyrir
hreppinn. — Ekkert var fastráðið á fundinum
viðvíkjandi því, hver læra ætti fyrir hreppinn.

4. Forðagæsla: Í [illegible] kosnir sömu ~~forða~~skoðunarmenn og í fyrra, sömuleiðis á partinum Hraun – Hrammur. Á partinum Skeið – Slétta voru kosnir Gunnar Eyjólfsson á Sléttu og Guðm. Stefánsson á Minni brekku. Menn þessir starfa að miðsvetrarskoðun í þetta sinn fyrir ekki neitt.

5. Jóhanna Bjarnadóttir [illegible] kýr með 120.00 kr. Aldís Pétursdóttir á að [illegible] um sinn.

7. Vegamál: Samþykkt var að sækja um 400 kr. úr sýslusjóði til áframhalds Hraunabrautar gegn 140 kr. heiman úr hreppnum.

8. Sundmál: Samþykkt var að sækja um ríflegan styrk til sundkenslu í hreppnum, frá Sýslunefndinni, sem hún sér sér fært að veita.

9. Siglufjarðarskarð: Samþykkt að skora enn af nýju á Sýslunefndina, að gangast [illegible] fyrir að skoðun á Siglufjarðarskarði, á næsta sumri og fjárframlögum til viðgerðar.

10. Borið var fram, hvort ekki mætti koma í veg fyrir það, að einstaklingar slátruðu fé, ~~sem~~ fyrir göngur og gjöri það einir út af fyrir sig. Var ~~[illegible]~~ samþykkt út af þessu, að kosin skyldi nefnd til að semja reglur um þetta mál. Skyldi nefndin vera búin að ljúka starfi sínu